

46. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í Rimaskóla í Reykjavík 6. -7. maí 2006

LAUGARDAGUR 6. MAÍ

1. SETNING ÞINGSINS

Hannes S. Jónsson kallaði þau Kristin G. Kristinsson, Ragnar Torfason og Guðbjörgu Norðfjörð upp og þakkaði þeim góð störf í þágu hreyfingarinnar og veitti þeim silfurmerki KKÍ.

Því næst kallaði hann Stefán Arnarson og Ólaf Rafnsson upp og afhenti þeim gullmerki KKÍ og þakkaði þeim góð störf í þágu hreyfingarinnar undanfarna áratugi.

Því næst sagði Hannes þetta 46. ársþing KKÍ sett.

2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA

Hannes S. Jónsson tók fyrst fyrir kosningu þriggja manna í kjörbréfanefnd og sagði að stungið hefði verið uppá þeim Bjarna G. Þórmundssyni, Guðjóni Þorsteinssyni og Péttri Stefánssyni í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófaklappi. Hann bað nefndina að taka strax til starfa og þingfulltrúa um að koma kjörbréfum og umboðum til kjörbréfanefndar.

Hannes S. Jónsson stakk uppá Guðlaugi Þór Þórðarsyni sem fyrsta þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

Guðlaugur Þór Þórðarson tók við stjórn þingsins. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem honum hafi verið sýndur. Hann þakkaði, sem formaður Fjölnis, þann heiður sem KKÍ hefði sýnt Fjölni með því að hafa þingið í Grafarvogi. Hann sagði einnig að Fjölnismenn væru stoltir af sinni öfluggu körfuknattleiksdeild sem væri einkar vel mönnum dugmiklum stjórnendum. Því næst óskaði hann körfuknattleikshreyfingunni til hamingju með kjör Ólaf Rafnssonar til forseta ÍSÍ. Hann væri glæsilegur fulltrúi með mikla reynslu og miklis væri vænst af hans störfum innan hreyfingarinnar á næstu árum.

Hann tók því næst fyrir kosningu annars þingforseta og stakk uppá Hannesi S. Jónssyni og var það samþykkt með lófaklappi.

Hann tók því næst fyrir kosningu þingritara og sagði að stungið hefði verið upp á þeim Birni Leóssyni sem 1. þingritara og Hannesi Birgi Hjálmarssyni sem 2. þingritara og var það samþykkt með lófaklappi.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Kjörnefnd: Kristinn G. Kristinsson, Jón Oddur Davíðsson og Pétur Stefánsson.

Fjárhagsnefnd:

Gísli Georgsson, Halldóra Lúthersdóttir og Kristján E. Guðlaugsson.

Laganefnd:

Gísli Páll Páll Pálsson, Sigurjón Friðjónsson og Snorri Örn Arnaldsson.

Allsherjarnefnd:

Hrannar Hólm, Valþór S. Jónsson og Þóra Melsted.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Forseti ÍSÍ, þingforseti, þingfulltrúar

Með þingskjölum hafið þið fengið árskýrslu stjórnar og nefnda í hendur. Ekki ætla ég að fara að lesa það sem þar stendur heldur koma að nokkrum atriðum sem að mörgu leyti stóðu uppúr á síðasta starfsári stjórnar.

Í lok aprílmánaðar tók ég við sem formaður Körfuknattleikssambands Íslands af Ólafi Rafnssyni, sem þurfti að segja af sér formennsku til þess að vera kjörgengur í embætti forseta ÍSÍ. Eins og þingheimur veit, var Ólafur kjörinn forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Kjör Ólafs til forseta ÍSÍ er merkur áfangi í körfuboltasögunni því þetta er í fyrsta sinn sem aðili úr körfuknattleikshreyfingunni gegnir æðsta embætti íþróttahreyfingarinnar, það er því sérstaklega ánægjulegt að íþróttahreyfingin hafi fundið leiðtoga sinn í Ólafi.

Nýliðið körfuboltaár var annasamt og ber þar hæst verkefni landsliða KKÍ.

Alls voru fimm unglíngalandslið á faraldsfæti síðasta sumar. Sextán og átján ára landslið karla og kvenna fóru á Norðurlandamót í Svíþjóð í maí og var árangur liðanna góður, þó engir titlar hafi unnist að þessu sinni. Fyrirkomulagi Norðurlandamóta yngri landsliða var breytt árið tvöþúsund og þrjú og er nú komin góð reynsla á þetta fyrirkomulag. Við munum leggja mikla áherslu á það að Norðurlandamót yngri landsliða verði haldið með sama sniði í nánustu framtíð.

Sextán og átján ára karla og kvennalið okkar, ásamt tuttugu ára karlaliði fóru á Evrópumót víðsvegar um álfuna í júlí og ágúst. Árangur sextán og átján ára karlaliðanna hefur vakið gríðarlega athygli víðsvegar um Evrópu, enda óvanalegt að smáriki eins og Ísland eigi fulltrúa á meðal þeirra bestu. Sextán ára karlaliðið hélt sæti sínu í A-deild, eins og frægt er orðið, og átján ára karlaliðið vann sig upp í A-deild. Það þýðir að í sumar fara bæði sextán og átján ára karlaliðin til keppni í A-deild en Ísland er ein af fáum þjóðum í Norður-Evrópu sem getur státað af þessum árangri. Árangur tuttugu ára karlaliðsins varð því miður ekki jafn góður og vonir stóðu til, því margir af sterkari leikmönnum sem til greina komu gáfu ekki kost á sér í verkefnið.

Árangur sextán og átján ára kvennaliðanna var viðunandi. Við getum verið stolt af þessum stelpum, en bæði liðin eru brautryðjendur í því að festa þátttöku stúlkaliða okkar í Evrópukeppnum og þess verður ekki langt að bíða að við sjáum þær vera að berjast um að komast upp í A-deild.

Árangur yngri landsliðanna má fyrst og fremst þakka því öfluga starfi sem fram fer hjá félögunum í landinu. Til að tryggja áframhaldandi góðan árangur á alþjóðavísu hvet ég félögin til þess að halda áfram sínu góða starfi í yngri flokkunum.

A-landslið karla og kvenna kepptu á Smáþjóðaleikunum í Andorra. Fyrir mótið var markið sett hátt og stefnt að sigri hjá báðum liðum. Því miður náðist það ekki og höfnuðu liðin í öðru sæti. Næstu Smáþjóðaleikar verða í Mónakó á næsta ári þar sem Ísland stefnir að sjálfsögðu á gull.

A-landslið karla hélt í langt ferðalag til Kína í lok ágúst til að etja kappi við heimamenn í tveimur leikjum. Seinni leikurinn, sem fram fór í Harbin, var sýndur beint og fylgdust 600 milljónir manna með leiknum í sjónvarpi. Íslenski hópurinn vakti mikla athygli hvert sem hann fór og allar ferðir voru farnar í lögreglufylgd. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var hin ánægjulegasta.

Karllandsliðinu tókst því miður ekki ætlunarverk sitt að komast upp í A-deild Evrópukeppninnar. Danir komu í heimsókn og þurftum við að sigra til að eygja möguleika á því að komast upp í A-deild. Það tókst ekki þar sem leikurinn tapaðist með sautján stigum.

Í haust hefst Evrópukeppnin að nýju og mun karlaliðið spila í riðli með Finnlandi, Georgíu, Luxemburg og Austurríki. Að sjálfsögðu kemur ekkert annað til greina en að tryggja Íslandi beina leið í A-deild eftir tvö ár.

Kvennaliðið mun í fyrsta sinn í sögunni taka þátt í Evrópukeppni og er það vel við hæfi nú á ári kvennakörfuboltans í Evrópu. Stelpurnar eru í riðli með Hollandi, Írlandi og Noregi. Það verður því mikið um að vera í september hjá okkur þegar leikirnir fara fram. Landsliðsnefndir karla og kvenna vinna nú hörðum höndum að því að fá æfingaleiki í sumar, svo að liðin verði sem best undirbúin fyrir átökin í september.

Björgvin Rúnarsson varð FIBA dómari í júní og eigum við hér á Íslandi þá þrjá starfandi alþjóðlega dómara. Helgi Bragason varð FIBA-Instructor í júní, en starfandi FIBA leiðbeinandi hefur aldrei verið á Íslandi fyrr.

Það var ánægjulegt að fá Nar Zanolin framkvæmdastjóra FIBA Europe hingað til lands í lok júní. Haldinn var sérstakur fundur með honum og fulltrúum hinna Norðurlandanna. Á fundinum voru rædd sameiginleg mál Norðurlanda gagnvart FIBA Europe. Fundurinn var mjög gagnlegur og allir aðilar mjög ánægðir með hann. Þetta var í fyrsta sinn sem framkvæmdastjóri FIBA Europe sækir Ísland heim og mikill heiður sem hann sýndi Íslandi með heimsókn sinni.

Í haust braut kvennalið Hauka blað í sögu körfuboltans með því að vera fyrsta félagsliðið frá Íslandi sem sendir lið til þátttöku í Evrópukeppni kvenna. Framtak kvennaliðs Hauka er lofsvert og vonandi verður framhald á því að íslensk félög sendi kvennalið í Evrópukeppni.

Keflavík tók þátt í Evrópukeppni félagsliða í karlaflokki þriðja veturinn í röð. Keflvíkingar hafa staðið sig með þrýði í þessari keppni og gaman að fá tækifæri til þess sjá góðan alþjóðlegan körfubolta hér á veturna. Það lítur allt út fyrir að bæði Keflavík og Njarðvík muni senda lið sín í Evrópukeppni næsta vetur.

Ár kvennakörfuknattleiks í Evrópu hófst núna í mars og mun standa fram í september 2007, þegar áttíundin lýkur með Evrópukeppni kvenna á Ítalíu. Stefnt er að hinum ýmsu atburðum í kringum þetta áttíundin hér á landi og mun Guðbjörg Norðfjörð stýra þessu verkefni fyrir hönd KKÍ.

Eitt af aðal vandamálum okkar í dag eru úti körfuboltavellir. Við þurfum öll að leggjast á eitt núna þær fáu vikur sem eru fram að sveitarstjórnarkosningum að vinna í þeim málum. Það eru fá sveitarfélög sem hafa körfuboltavellina sína við skólana í lagi. Nú er lag að vinna í þessu. Við hjá KKÍ munum að sjálfsögðu gera allt sem við getum í þessum málum en best að er vinna þetta "heima" í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Í haust munu formaður og framkvæmdarstjóri stefna að því að heimsækja öll félög í Iceland Express deildum karla og kvenna. Það er ljóst að hjá félögunum liggur mikil þekking og reynsla og má því mikið af þeim læra. Fyrirverandi formaður og framkvæmdarstjóri heimsóttu félögin fyrir nokkrum árum með góðum árangri.

Að lokum óska ég þingfulltrúum góðs gengis við þingstörf og að þingfulltrúar verði málefnalegir og óhræddir við að koma skoðunum sínum á framfæri körfuboltanum til heilla.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Þingforseti gaf því næst Eyjólf Guðlaugssyni gjaldkera KKÍ orðið og hann lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Eyjólfur sagði hafa lofað betri reikningum á síðasta þingi. Reikningarnir nú væru betri en síðast, en ekki eins góðir og hann hefði kosið. Hann sagði að veltuaukning hefði orðið gríðarleg, landsliðsverkefni hefðu aukist mikið, þar að auki væri dómarakostnaður inni núna fyrir eitt og hálf tímabil, en það væru liðir sem væru bæði inn og út í bókhaldinu. Hann sagði að skuldastaða félaganna væri ekki enn eins og best væri á kosið, en þó hefðu þau mál færst til betri vegar með breyttum félagaskiptareglum og síðan hefði verið sett aðeins meiri harka í innheimtu eldri skulda. Hann sagði að lausafjárstaðan hefði því lagast töluvert. Hann benti á að af afskriftarreikingi fyrir árið 2004 hefðu verið 3,2 milljónir aðallega vegna skuldar Epson við KKÍ. Hún hefði nú fengist greidd (2,8 milljónir), en nú væru samt 2,2 milljónir á þeim reikningi og líklega þurfi að afskrifa þær á þessu ári. Í raun hefði verið að hægt að gera það á sl. ári og skila og skila jákvæðri niðurstöðu, en raunsæi væri höfð að leiðarljósi og því hafði það ekki verið gerst.

Hann fór síðan í gegnum ársreikninginn lið fyrir lið (sjá Ársskýrslu KKÍ 2006).

Hann sagði að lokum að hann hefði verið að vinna í því, frá því hann tók við sem gjaldkeri KKÍ fyrir tveimur árum, að kynna sér og betrubæta bókhald sambandsins.

Þingforseti gaf því næst Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ orðið.

Ólafur sagði það skrýtið að standa nú fyrir framan þing KKÍ sem forseti Íþrótt og Ólympíusambands Íslands. Varla gæti nokkurn mann hafa grunað að hann og Pétur Hrafn væru nú báðir á þinginu undir öðrum formerkjum en áður. Hann sagði að þing KKÍ væri ánægjulegasta þing sem fengi að sækja sem forseti ÍSÍ, en hér um um hans bakland að

ræða. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem sér hafi verið sýndur með því að vera sæmdur gullmerki sambandsins og óskaði jafnfram öðrum verðlaunahöfum til hamingju með sín merki. Hann sagðist þekkja það fólk allt mjög vel og það hafi allt lagt mikið fram til körfuboltans og væri vel að viðurkenningunum komið.

Hann sagðist því næst hljóta að mega, sem forseti ÍSÍ, þakka fráfarandi stjórn fyrir frábært starf. En að öllu gríni slepptu vildi hann fá að nota tækifærið að ávarpa hreyfinguna í kveðjuskini, heldur sem forseti ÍSÍ.

Hann sagði 16 ára langan tíma. Lengri heldur en frá fæðingu elstu dóttur sinnar. Börnin þekktu ekki annað en pabbi þeirra væri einhvers staðar úti í bæ að afhenda verðlaun. Þessi langi tími væri orðinn einhvers konar lífsstíll hjá sér og fjölskyldan þekkti ekki annað.

Hann sagðist hafa tekið saman að gamni sínu smá tölfræði um störf sín sem formanns KKÍ. Hann hefði sótt öll ársþing sambandsins frá árinu 1990, hvern einasta formannafund og alla stjórnarfundir nema fimm frá sama tíma. Á erlendri grundu hafi hann sótt hvert einasta þing evrópska körfuboltasambandsins frá 1992, alla norðurlandafundi og fjölda annarra funda. Í flestum tilfellum hafi Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ til fjórtán ára verið með í för og síðastliðin tvö ár með Hannesi Birgi Hjálmarssyni núverandi framkvæmdastjóra. Hann vék því næst að pistlum sínum á kki.is og sagði þá orðna 140 talsins og gaman hafi verið að fá viðbrögð við þeim. Hann hafi að meðaltali eytt 3-4 tímum á dag í að stjórna KKÍ. Hér væri ekki um fórn að ræða heldur góða leið til að eyða sínum frítíma í sitt áhugamál. Hluti af þessari vinnu færi í gegnum tölvupóst og hann hafi að gamni sínum tekið saman fjölda pósta til einstakra aðila. Hann sagði að á þeim tveimur árum síðan Hannes Birgir hafi tekið við starfi framkvæmdastjóra væru póstar til hans orðnir 4.703. Fjögur ár þar á undan hafi fjölda pósta til Péturs Hrafns 6.527, til Bjössu 1.058 og póstar til ýmissa annarra væru um 7.000 á þeim sex árum síðan hann hafi byrjað að nota tölvupóstinn. Það kaldhæðnislega við þetta væri að tilkoma tölvupóst hafi verið mjög vinnusparandi fyrir hreyfinguna. Hér áður fyrr hafi hann og Pétur Hrafn rætt saman í síma í klukkustund að morgni og klukkustund að kvöldi. Hann leit því að næst yfir þær breytingar sem orðið hafa síðan hann tók sæti í stjórn KKÍ. Þá hafi velta sambandsins verið innan við 10 milljónir, þá hafði A-landslíð karla leikið 220 leiki á 30 ára tímabili, en síðan þá eða á 15 árum hafi liðið leikið 416 leiki, sem er tvöföldun. A-landslíðs kvenna hafði leikið 20 leiki, en hafi verið 110 síðan. Næstu fimm ár sé líklegt að þeir verði 160 talsins ef áætlanir ganga eftir. Það sé áttföldun á fjöldanum fyrstu 30 árin í sögu sambandsins. Unglingalandslið kvenna hafi leikið 6 leikið fyrir 1990, en nú væru þeir 116 og útlit væri fyrir að þeir verði 130 á næstu fimm árum.

Hann sagði margt eftirminnilegt í þróunarmálum á þessum tíma og minntist á útgáfu NBA-körfunnar og NBA-æðið 1993-1995. Háar greiðslur til KKÍ fyrir sjónvarpssamninga um miðjan tíunda áratuginn, sem ekki væri raunin í dag og þeirra fjármuna væri saknað. Hins vegar væri einnig mikilvægt að fá íþróttina í sjónvarp. Hann sagði breytingar í fjölmiðlun hafa verið mikla á þessum tíma og þá sérstaklega hvað varðar netið. Nú væru allar upplýsingar um leiki komnar á netið stuttu eftir leik og önnur sérsambönd öfunduðu körfuboltann af því. Staðan væri því ágæt, en hann treysti nýrri stjórn samt til að gera enn betur, því alltaf væri svigrúm til framfara.

Hann þakkaði því næst Eyjólfu Guðlaugssyni fyrir mikið og gott starf sem gjaldkera sambandsins undanfarin tvö ár og menn gætu álasað sér fyrir að hafa ekki uppgötvað þann fjársjóð fyrr. Hann kom inná fjárhagsstöðu sambandsins og þær afskriftir sem Eyjólfur minntist á í sinni ræðu og taprekstur væri tilkominn vegna þess hvernig þær væru bókfærðar og einnig vegna aukinna landsliðsverkefna. Þá væri fjármögnum fyrir

landsliðsstarfið í sumar tryggt, en í gegnum tíðina hafi oft ekki verið til fyrir launum starfsmanna. Þessu væri að þakka góðri stjórnun að hálfu gjaldkera og eins að ríkisvaldið hafi lagt sérsamböndunum til ákveðið fjármagn, sem hafi verið 2,7 milljónir til KKÍ á þessu ári. Hann sagði einnig að samningurinn við Iceland Express kæmi að fullum þunga á árið 2006, bæði samningsfjárhæðin og afsláttur af flugfargjöldum. Þá væri einnig búið að gera eldri skuldir upp við Icelandair. KKÍ væri að kaupa 200-250 flugmiða á ári og landsliðin væru að leika hátt í 100 landsleiki á ári. Því væri ekki ástæða til annars en að horfa björtum augum fram á fjárhagslega afkomu sambandsins á árinu.

Hann vék aftur að netvæðingu og sagði hana rétta aðferð til að ná til yngri kynslóðarinnar og þar hefði körfuknattleikshreyfingin verið í fararbroddi. Hann sagði að innan ÍSÍ myndi hann stuðla að því að þar væri aukin áhersla lögð á þau mál.

Næst vék hann að mótamálum og sagði hið fullkomna keppnisfyrirkomulag ekki til. Hægt væri að fagna því að fyrirkomulagið hafi gengið upp sl. vetur, slíkt væri ekki sjálfgefið. Hann sagði að fjölmiðlaumfjöllun mætti alltaf vera meiri, en menn yrðu að gera sér grein fyrir því að beinar útsendingar frá körfboltaleikjum sl. vetur hafi þó verið 25 útsendingar þegar allt væri talið með, á báðum sjónvarpsstöðvunum. Aðrar íþróttagreinar svipaðar að stærð og körfuboltinn fengju ekki allar slíka umfjöllun, sumar greinar fengju bara einn dag í sjónvarpi á ári fyrir sitt Íslandsmót. Við værum að kvarta með 25 útsendingar, það væri fínt og við ættum að halda því áfram. Gott væri hins vegar að gera sér grein fyrir stöðunni varðandi aðrar greinar. Varðandi prentmiðla sagði hann umfjöllum hafa stóraukist á síðustu 2-3 árum, það sönnuðu samansafnsmöppur sem KKÍ væri áskrifandi að. Þakka bæri fyrir það sem höfum og ekki taka það sem sjálfsögðum hlut, en heldur ekki að stoppa og hætta að gera kröfur.

Hann sagði menn almennt ekki gera sér grein fyrir hvað velgengni yngri landsliðanna hafi vakið mikla athygli erlendis, hlúa beri að þessum liðum, þau væru framtíðin og hún væri björt.

Hann sagði að það væru forréttindi að fá að hætta á eigin forsendum og hann væri þakklátur fyrir það. Þegar hann hafi tilkynnt það að hann myndi ekki gefa kost á sér endurkjörs til formanns KKÍ hafi hann fyrst og fremst verið að hugsa um sína atvinna heldur en forsetastól hjá ÍSÍ. Hann sagðist verða öllum í körfuboltahreyfingunni til taks hjá ÍSÍ hvenær sem er. Hann væri stoltur af sínum bakgrunni og þó hann væri að ávarpa þingið sem forseti ÍSÍ, þá væri hann miklu frekur stoltur yfir því að geta sagt að hann væri einn af “ykkur” (úr körfuboltahreyfingunni). Það væri mesta hrós sem hann gæti fengið. Hann þakkaði stjórn og stjórnarmönnum sem hann hafi starfað með í gegnum árin, starfsmönnum; Birni Leóssyni, Hannesi Birgi Hjálmarssyni og Pétri Hrafni Sigurðssyni. Góð samskipti við þessa aðila hafi haldið honum töluvert í þessu starfi, þetta væri sjálfbodaliðsvinna og ekki sjálfgefið að menn nenni þessu. Hann þakkaði þessum aðilum fyrir samstarfið. Nú væru nýir menn teknir við og hann bað menn að standa þétt að baki nýjum formanni. Hann sagðist hafa þekkt hann lengi að sagði að menn ættu eftir að sjá að það væru töggur í honum. Lokst óskaði hann öllum velfarnaðar á þinginu og í hreyfingunni það sem eftir er. Takk fyrir.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því reikninga sambandsins undir atkæði og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR

Þingsforseti gaf Eyjólf Guðlaugssyni gjaldkera KKÍ orðið og kynnti hann fjárhagsáætlun KKÍ fyrir næsta ár, sjá þingskjal nr. 47. Eyjólfur renndi lauslega í gegnum áætlunina og kynnti einstaka liði sem ýmist hækkuðu eða lækkuðu miðað við fyrra ár.

7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR

Þingsforseti tók fyrst fyrir fjórar tillögur frá og leit leitaði afbrygða til að þær yrðu teknar fyrir. Þetta voru þingskjöl 41-44 og samþykkti þingið að þau væru tekin fyrir.

Þingsforseti las því næst upp tillögur um vísun þingskjala til þingnefnda.

- Þingskjal nr. 1 til fjárhagsnefndar.
- Þingskjal nr. 2 til fjárhagsnefndar.
- Þingskjal nr. 3 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 4 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 5 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 6 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 7 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 8 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 9 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 10 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 11 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 12 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 13 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 14 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 15 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 16 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 17 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 18 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 19 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 20 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 21 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 22 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 23 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 24 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 25 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 26 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 27 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 28 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 29 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 30 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 31 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 32 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 33 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 34 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 35 til allsherjarnefndar.
- Þingskjal nr. 36 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 37 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 38 til allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 39 til allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 40 til allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 41 til laganefndar.
Þingskjal nr. 42 til fjárhagsnefndar.
Þingskjal nr. 43 til allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 44 til laganefndar.
(Þingskjöl nr. 46 og 47 eru breytingartillögur sem fram komu þingnefndum).
Þingskjal nr. 47 til fjárhagsnefndar.

Þingforseti bar því næst tillögu um vísun þingskjala til þingnefnda og var hún samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Bjarna Gauk Þórmundssyni formanni kjörbréfanefndar orðið.

Bjarni fór yfir kjörbréfin og las upp nöfn þingfulltrúa. Hann bað menn að rísa úr sætum þegar nafn þeirra væri lesið.

Íþróttabandalag Reykjavíkur

Karl Guðlaugsson
Magnús Grétar Árnason
Pétur Hólmsteinsson
Jón Oddur Davíðsson
Árni Grétar Gunnarsson
Sverrir Þorsteinsson
Eyjólfur Jónsson
Gunnar Freyr Steinsson með umboð fyrir Elínborgu Guðnadóttur.
Pétur Stefánsson með umboð fyrir Gunnar Zoëga.
Hannes Birgir Hjálmarsson
Birgir Hákonarson með umboð fyrir Magnús Ólafsson.
Böðvar E. Guðjónsson með umboð fyrir Árna Blöndal.
Ingi Þór Steinþórsson með umboð fyrir Ingibjörgu Dungal.
Gísli Georgsson
Atli Freyr Einarsson með umboð fyrir Tómas Örn Sigurbjörnsson.
Jónas Þór Jóhannsson
Sigurjón Friðjónsson
Bergur Steingrímsson
Þóra Melstad
Sigurður Leifsson
Ragnar Torfason
Þórlindur Kjartansson

Ungmennasamband Kjalarnespings

Pétur Hrafn Sigurðsson með umboð fyrir Sigrúnu Jónsdóttur.
Sigurður Ingi Hauksson með umboð fyrir Bergþóru Sigurjónsdóttur.
Guðmundur Sigurbergsson
Snorri Örn Arnaldsson
Bjarni Gaukur Þórmundsson
Hannes Sigurbjörn Jónsson
Björn Leósson

Ungmenna og íþróttabandalag Austurlands

Eymundur Sigurðsson
Hafsteinn Jónasson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Konráð Brynjarsson með umboð fyrir Guðna Guðmundsson.
Jóhann Waage með umboð fyrir Ragnar Gunnarsson.

Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýslu

Daði Sigurþórsson með Hjálmvísi B. Bergmundsdóttur.
Lýður Vignisson með umboð fyrir Vigni Sveinsson.
Tinna B. Sigmundsdóttir með umboð fyrir Gissur Tryggvason.
Hjörleifur K. Hjörleifsson

Héraðssamband Vestfirðinga

Þorsteinn Þráinsson
Guðni Ó. Guðnason með umboð fyrir Sævar Óskarsson.
Guðjón Þorsteinsson

Ungmennasamband Skagafjarðar

Íþróttabandalag Akureyrar

Guðmundur Ævar Oddsson með umboð fyrir Jóhannes Bjarma Skarphéðinsson UMSE.
Hrafn Kristjánsson með umboð fyrir Jónas Pétursson UMSE.
Rúnar Haukur Ingimarsson

Héraðssambandið Skarphéðinn

Gísli Páll Pálsson
Lárus Ingi Friðfinnsson
Daði Steinn Arnarson
Árni Þór Hilmarsson
Stefán Magni Árnason
Kristinn Kristinsson með umboð fyrir Guðna Pétursson.
Ágúst Örn Grétarsson með umboð fyrir Garðar Geirfinnsson.
Brynjar Karl Sigurðsson
Ragnar Sigurðsson með umboð fyrir Jöhönnu Hjartardóttur.

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar

Gunnar Jóhannsson með umboð fyrir Guðsvein Ólaf Gestsson.
Hrannar Hólm með umboð fyrir Grétar Ólafsson.
Brynjar H. Sigurðsson með umboð fyrir Einar Þ. Skaptason.
Kristján Guðlaugsson með umboð fyrir Hermann Helgason.
Valþór S. Jónsson
Halldóra Lúthersdóttir
Hafsteinn Hilmarsson
Árni B. Hjartarson
Einar Jóhannsson
Erlingur Hannesson

Ásgeir Guðbjartsson

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Gunnar Stefánsson með umboð fyrir Stefán Þór Borgþórsson.

Emil Örn Sigurðsson með umboð fyrir Róbert Bjarnason.

Brynjar Örn Steingrímsson með umboð fyrir Harald Stefánsson.

Guðbjörg Norðfjörð.

Þingforseti gaf Guðjóni Þorsteinssyni fulltrúa í kjörbréfanefnd orðið.

Guðjón áminnti þingfulltrúa um að hafa kjörbréf og umboð klár tímanlega fyrir næsta þing svo ekkert þyrfti að eltast við þessi göng langt fram eftir degi eins og raun hefði orðið á á þingum undanfarinna ára.

8. TEKNAR TIL UMRÆÐU AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL, SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR.

Þingforseti frestaði þingi, en minnti á að fundir nefnda hæfust strax að loknum hádegisverði.

ÞINGHLÉ

SUNNUDAGUR 2. MAÍ

Þingforseti gaf Hannesi S. Jónssyni formanni KKÍ orðið.

Hannes kallaði Guðna Ó. Guðnason upp og afhenti honum silfurmerki KKÍ.

Þingforseti gaf því næst Bjarna Gauk Þórmundssyni formanni kjörbréfanefndar orðið.

Bjarni sagði að fulltrúar Íþróttabandalags suðurnesja hefðu nú skilað inn kjörbréfi sínu og umboðum. Hann sagði að bera þyrfti það undir þingheim hvort veita bæri þeim atkvæðisrétt á þinginu. Það var samþykkt með 27 atkvæðum gegn 22.

Íþróttabandalag Suðurnesja

Almar Þór Sveinsson með umboð fyrir Lindu Maríu Gunnarsdóttur.

Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Guðfinn Friðjónsson.

Arnar Ólafsson með umboð fyrir Óla Björn Björgvinsson.

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson með umboð fyrir Magnús Andra Hjaltason.

Bjarni sagði fjölda þingfulltrúa þá vera 71 með samtals 98 atkvæði.

9. NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM ÞÆR.

Þingforseti gekk til dagskrár og gaf Gísla Georgssyni formanni fjárhagsnefndar orðið.

Gísli tók fyrir þingskjal nr. 47 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 47.

Gísli Páll Pálsson spurði út í liðinn fræðslu og útbreiðslustarf, sem hefði lækkað verulega frá árinu 2004.

Eyjólfur Guðlaugsson gjaldkeri KKÍ svaraði því til að undir þessum lið væri útgáfa blaðsins “Körfuboltinn”, sem gefið var út á vegum KKÍ fyrir keppnistímabilið 2003-2004, en undir öðrum formerkjum fyrir tímabilið 2004-2005.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 47 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli tók fyrir þingskjöl nr. 1 og 2 og sagði að nefndin legði til að þingskjölin yrði tekin fyrir saman og samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um tillögu formanns allsherjarnefndar. Engin kvaddi sér hljóðs eða mótmælti þeirri málsmeðferð og bar þingforseti því þingskjöl nr. 1 og 2 undir atkvæði og voru þau samþykkt.

Gísli tók fyrir þingskjal nr. 42 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 42.

Snorri Örn Arnaldsson gerði athugasemd við að í þingskjalinu væri talað um bikarúrslitagjald, en réttara væri að tala um úrslitagjald.

Þingforseti lagði til að þingskjal nr. 47 yrði borið undir atkvæði með þeirri breytingu sem Snorri Örn benti á, þar sem um prentvillu væri að ræða. Enginn gerði athugasemd við þá málsmeðferð og var það samþykkt.

Gísli Georgsson sagði að fleiri mál hefðu ekkert borist fjárhagsnefnd og þakkaði samnefndarmönnum sínum fyrir samstarfið í nefndinni.

Þingforseti gaf því næst Gísla Páli Pálssyni formanni laganefndar orðið.

Gísli Páll tók fyrst fyrir þingskjal nr. 3 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 3. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 4 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 4. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 5 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 5.

Guðjón Þorsteinsson vildi koma þakklæti á framfæri við millipinganefnd um málefni yngri flokka, sem lagt hefur fram fjölmargar tillögur fyrir þingið.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 5 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 6 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 6. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 7 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt með smávægilegri orðalagsbreytingu. (skipta ~~skæ~~ **má** hverri umferð...)

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 7. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 8 og sagði að meirihluti nefndarinnar legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 8.

Dóra Melsted sagði það sína skoðun að ekki væri rétt að keppa til verðlauna hjá 10 ára gömlum börnum og óskaði eftir rökum með því að þessi tillaga væri til bóta.

Gísli Páll Pálsson útskýrði að það væri vegna keppnisþorsta barna og samkeppni við aðrar íþróttagreinar sem þetta væri lagt til.

Bjarni Gaukur Þórmundsson sagði tillöguna runna undan sínum rifjum. Hann hefði þjálfað börn á þessum aldri undanfarin 8-10 ár. Hann sagði samkeppni við knattspyrnu og handbolta, þar sem leikið væri um Íslandsmeistarátitla í þessum aldursflokk, vera meginástæða tillögunnar. Krakkar hefðu hætt í körfubolta vegna þess að þar væri ekki keppt um Íslandsmeistarátitil í þessum aldursflokk.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 8 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 9 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt með smávægilegri orðalagsbreytingu. (Skal mótanefnd KKÍ samræma mótahald í minnibolta **9** ~~10~~ ára og yngri).

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 9. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 10 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 10. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskalið undir atkvæði og var það fellt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 12 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 12. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll skýrði því næst frá því að í þingskjali 12 væri ekki gert ráð fyrir minnibolta 10 ára, sem samþykkt var að breyta skömmu áður. Hann sagði að það hlyti að vera meining millipinganevndarinnar að hann væri meðtalinn í þingskjali 12 og slíkt væri líka einnig meining þingsins.

Þingforseti bar það undir atkvæði og því bætist við þingskjal nr. 10 samskonar ákvæði fyrir minnibolta 10 ára og gildir fyrir aðra flokka.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 13 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 13.

Árni Þór Hilmarsson benti á að ekki væri gert ráð fyrir í tillögunni að áunnin stig í B og C-riðlum gæfu rétt til að halda fjórðu umferð.

Kristinn Óskarsson spurði hvort eðlilegt væri að yngri börnin lékju til úrslita á heimavelli besta liðsins, en þau eldri lékju til úrslita á hlutlausum velli. Hann sagði eðlilegra að það sama gildi um alla hvað þetta varðar.

Eyjólfur Guðlaugsson benti á að árangur 7. flokks færðist yfir á 8. flokk næsta ár á eftir og því ætti lið ekki að þurfa að byrja í neðri riðli.

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að vægi fyrstu þriggja fjölleikamóta vetrarins ykist mikið við það að þau segðu til um það hvaða félag fengi að halda 4. umferðina, þá einkum í 7. og 8. flokki. Það væri hinsvegar mjög erfitt í framkvæmd að halda mót á hlutlausum velli, félög væru treg til að láta sín keppnishús undir keppni annarra þar sem þau sjálf komi hvergi nærri.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 13 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjöl nr. 16 og 17 og sagði að nefndin legði til að þau yrðu felld.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 16.

Gunnar Freyr Steinsson sagðist geta fallist á að þingskjal nr. 17 yrði fellt, en sagðist eiga erfitt með að skilja rök fyrir því að hafa ekki jafn marga leiki í undanúrslitum karla og kvenna. Nú væri nýgengið í garð kvennakörfuboltaár og því bæri að hafa þessi mál með sama hætti hjá körlum og konum.

Hrannar Hólm sagðist hlynntur þingskjali nr. 16 þar sem gerst væri ráð fyrir því að leikjum í undanúrslitum kvenna væri fjölgað. Þetta snérist um virðingu gagnvart kvennakörfuboltanum og hann væri einnig á þeirri skoðun að gera ætti veg úrslitakeppninnar meiri, hún væri rúsínan í pylsuendanum. Hann sagðist hins vegar ekki hlynntur því að breyta úrslitakeppni karla. Átta liða úrslitin hefðu sinn sjarma vegna mögulegra óvæntra úrslita og í það ætti að halda.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 16 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 17 undir atkvæði og var það fellt.

Gísli Páll benti á misræmi milli þingskjala 6 og 12. Hann sagði breyta yrði þingskjali nr. 12 í samræmi við þingskjal nr. 6. Út falli; "... en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er."

Gísli Páll tók því næst fyrir þingskjal nr. 19. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjali nr. 19 yrði vísað til stjórnar KKÍ til frekari úrvinnslu. Tillagan hafði borist millipinganefnd um málefni yngri flokka það seint að henni hafi ekki gefist tóm til að skoða hana.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 19.

Guðbjörg Norðfjörð sagðist hlynnt því að tillögunni væri vísað til stjórnar. Tillagan væri góð og stuðla bæri að því lengja það tímabil sem stúlkur væru í yngri flokkum. Það stuðlaði að minna brottfalli úr íþróttinni.

Snorri Örn Arnaldsson sagði að laganefnd hefði ekki tekið efnislega afstöðu til tillögunnar og millipinganefndinni hefði borist tillagan sama dag og verið var að ganga frá tillögum nefndarinnar til stjórnar. Því hafi ekki gefist tími til að ræða tillöguna. Hann sagðist hlynntur tillögunni og einnig því að vísa henni til stjórnar.

Hrannar Hólm sagðist hlynntur því að tillögunni yrði vísað til stjórnar með þeim formerkjum að keppt yrði í stúlknaflökki strax næsta haust.

Ingi Þór Steinþórsson sagði ekki jákvætt að stúlknaflökki væri tvö ár heldur stakk hann uppá því að settur yrði á laggirnar 11. flokkur kvenna til að vinna gegn brottfalli hjá stúlkum á fyrsta ári í framhaldsskóla. 11. flokkur kvenna yrði því fyrir 16 ára stelpur og unglingsflokkur fyrir 17 og 18 ára. Þær sem væru orðnar 19 ára væru komnar í meistaraflokk.

Þingforseti frestaði því næst umræðum og afgreiðslu á þingskjali nr. 19.

Gísli Páll tók næst fyrir þingskjal nr. 36. Hann sagði að nefndin legði til að það yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 36.

Guðbjörg Norðfjörð sagðist hlynnt því að þessi tillaga yrði samþykkt. Stelpur í liðum í 2. deild hefðu gott af því að prófa að fara í úrslitakeppni, hún væri allt annað en venjuleg deildarkeppni.

Gísli Páll Pálsson sagði að ef úrslitakeppni hefði verið í 2. deild kvenna sl. vetur hefði Hamar/Selfoss mætt Þór Ak. og Tindastóll hefði mætt Laugdælum. Þarna væri um löng ferðalög að ræða og háan dómarakostnað og nánast engan áhuga fyrir slíkri keppni. Hann sagði að ekki ætti að eyða peningum í slíka keppni og sagðist harður á því að fella ætti tillöguna.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 36 undir atkvæði og var það fellt.

Þingforseti tók því næst þingskjal nr. 19 aftur til meðferðar og las upp svofarandi tillögu: “Þingið samþykkir að vísa tillögunni sem fram kemur á þingskjali nr. 19 til stjórnar KKÍ og beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnar og keppni samkvæmt tilögunni hefjist haustið 2006”.

Þingforseti gaf orðið laust um þessa tillögu. Engin kvaddi sér hljóð og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók því næst fyrir þingskjal nr. 41. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 41 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 41. Engin kvaddi sér hljóð og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll tók því næst fyrir þingskjal nr. 44. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 44 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 44. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 44 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli Páll þakkaði fyrir umræðurnar og samnefndarmönnum sínum fyrir samstarfið í nefndinni.

Þingforseti gaf því næst Hrannari Hólmi formanni allsherjarnefndar orðið.

Hrannar sagði að álit nefndarinnar og tillögur hefðu verið ljósritaðar og dreift til þingfulltrúa. (Það eru skjöl sem merkt eru A-1, A-2 o.s.f.v.)

Hrannar tók fyrst fyrir þingskjal nr. 40. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt þar sem betri tillaga svipaðs efnis hefði komið fram á þingskjali nr. 46. Sjá A-1 og A-2.

Hannes S. Jónsson 2. þingforseti tók við stjórn þingsins. Hann gaf orðið laust um þingskjal nr. 40. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 40 undir atkvæði og var það fellt.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjal nr. 46. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 46 undir atkvæði og var samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 14. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-3.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 14. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 14 undir atkvæði og var samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 18. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-4.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 18. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 18 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 37. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 37 yrði fellt. Sjá A-5.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 37.

Bjarni Gaukur Þórmundsson sagðist vilja bera fram eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 37: “Lið má koma með dómara og sleppur þá við að borga 1.000 kr. Komi lið ekki með dómara skal það lið greiða mótshaldara 1.000 kr. fyrir hvern leik.” Bjarni sagðist viss um þetta yrði til þess að fjölga dómurum mikið og bragur fjöllidamóta yrði allt annar. Hann sagði ekkert sjá að því þótt þjálfarar annarra liða en þeirra sem væru að leika hverju sinni, sæu um dómgæsluna.

Hrannar Hólm sagði að vel væri meint með tillögunni og ekki þægilegt að fá breytingartillögu fram með þessum hætti án þess að nefndin hafi haft tækifæri til að ræða hana. Hann sagði vilja sjá málið unnið betur og þá fyrir næsta þing og lagði til að þingskjal nr. 37 yrði fellt.

Þóra Melsted sagðist fagna orðum Bjarna og allar tillögur til að bæta framkvæmd fjöllidamótanna væru til bóta. Einnig bæri að stuðla að unglingar gætu hafið dómgæslu sem unglingadómarar og kvatti til þess að málið yrði skoðað betur fyrir næsta þing.

Sigurður Ingi Hauksson sagði að breytingartillaga Bjarna hefði komið fram á fundi allsherjarnefndar daginn áður, en nefndin hefði ekki rætt hana. Hann benti á að unglingar væru í dag að dæma í fjöllidamótum og þessi tillaga gengi út á að bæta þá dómgæslu.

Bjarni Gaukur sagðist hafa mist af umræðum í allsherjarnefnd þar sem hann hafi verið á fundi laganefndar. Hann sagðist vera að leggja til tvö dómarastig, KKÍ dómari og unglingadómarari sem væri í búningi.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagðist geta verið sammála félögum sínum í Breiðabliki að hér væri góð og gegn tillaga á ferðinni, en hún væri ekki vel framkvæmanleg. Hann kvatti til þess að dómaramál væru skoðuð í stærra samhengi og til þess yrði gefinn sá tími sem til þess þyrfti. Hann sagðist því vilja sjá tillögu Bjarna fellda, en að skipuð yrði nefnd til að fjalla um þessi mál.

Snorri Örn Arnaldsson sagði tillöguna góða, en framkvæmd hennar væri mjög erfið. Huga þyrfti betur að þeim málum áður en slíku kerfi væri hrint í framkvæmd.

Kristinn Óskarsson sagðist sammála þeim sjónarmiðum sem fram hefðu komið í umræðunni. Hann sagðist þeirrar skoðunar að allir leikir í öllum flokkum ættu að vera dæmdir af dómurum sem væru í búningi og með réttindi. Því bæri að stefna að, tillaga Bjarna væri góðra gjalda verð, en forma þyrfti hana betur. Hann sagðist vilja sjá tillögunni vísað til áframhaldandi vinnslu. Að lokum vildi hann koma því á framfæri að ekki væri til neitt sem héti KKDÍ-dómari. Hann sagði KKDÍ vera nokkurs konar starfsmannafélag dómara og væri ekki það afl sem margir héldu.

Snorri Örn Arnaldsson skilaði inn forlegri breytingartillögu við þingskjal nr. 37, sem varð þingskjal nr. 37 a, um að skipuð verði nefnd til að skila fullmótuðum tillögum um þetta mál til stjórnar KKÍ fyrir ársþing 2007.

Þingforseti tilkynnti að Bjarni Gaukur hefði dregið breytingartillögu sína við þingskjal nr. 37 til baka.

Þingforseti las upp breytingartillögu Snorra Arnar, þingskjal nr. 37 a, og bar það síðan undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 37 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 45. Hann sagði að komið hefði fram breytingartillaga sem merkt væri A-6. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal A-6 yrði samþykkt. Jafnframt leggi nefndin til að þingskjal nr. 39 um sama efni verði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 45, 39 og A-6.

Birgir Hákonarson sagði að hér væri um gott mál að ræða, en markmiðin vantaði. Hann sagðist vilja leggja það til að skipuð yrði nefnd til að vinna að markmiðunum. Síðan yrðu teknar ákvarðanir um stofnframlög á næsta þingi þegar markmiðin og nánari útfærslur, svo sem sjóðsreglur, lægju fyrir.

Kristinn Óskarsson sagði að mjög greinilegt væri hver tilgangurinn væri og það hefði komið rækilega fram. Það væri að fjölga dómurum og að bæta dómgæsluna sem væri stórt atriði. Virkt eftirlitsmannakerfi kosti mikla peninga. Hann sagði það sína skoðum að þessi tillaga um sjóð vegna dómara væri lang, lang stærsta mál þingsins. Önnur mál svo sem erlendir leik o.g.s.f.v. væri smámál miðað við þetta. Hann sagði að ekki hefði verið gert neitt til að bæta dómgæslu í langað tíma, menn yrðu bara brálaðir þegar liðið þeirra tapaði. Nú væri loks komin fram tillaga til að bæta dómgæsluna og þegar það væri búð væri hægt að koma fram með faglega gagnrýni. Hann bað menn að sjá ekki ofsjónum yfir þeim þeningum sem í þetta færu, hér væri um tiltölulega lága upphæð að ræða sem hlutfall af rekstri körfuknattleiksdeildar, en saman gætu þessir peningar eflt dómaramálin mjög mikið. Hann benti á að nýta þyrfti hluta af peningunum í að undirbúa dómara fyrir komandi tímabil. Það væri erfitt ef fyrsta greiðsla bærist sjóðnum 1. nóvember. Hann sagðist hlynntur því að sú dagsetning yrði óbreytt, eða 1. september.

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að lítil félög sem væru að koma upp úr úr 2. deild ættu erfitt með að greiða 100 þúsund kr. í sjóðinn eða sama og félög í úrvalsdeild og sagði

að þetta væri eitthvað sem menn yrðu að skoða. 100 þúsund kr. væru mikill peningur fyrir slík félög.

Guðmundur Ævar Oddsson sagði að sér litist vel á þessa tillögu um málefni dómara, en sagðist vilja sjá fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, en bjóst þó að samþykkja tillöguna. Þetta ætti ekki bara að vera einhver sjóður sem nota ætti einhvern vegin.

Karl Guðlaugsson tók undir með Pétri Hrafn og sagði 100 þúsund kr. stóran hluta af rekstri félags eins og Ármann/Þróttar. Hugsa þyrfti þetta mál betur og rétt væri að stofna nefnd til að fara betur yfir málið.

Valþór S. Jónsson sagðist vel skilja rök Kristins Óskarssonar að þjálfar þyrfti upp dómara fyrir tímabilið og því væri dagsetningin 1. september fyrir fyrstu greiðslu vel skiljanleg. Hann benti á að búið væri að lækka upphæð sem hvert félag ætti að greiða vegna kvennaliða og ef haldið yrði áfram á þeirri braut yrði lítil til skiptanna. Hér væri um nauðsynlegan kostnað við rekstur körfuknattleiksliðs að ræða. Ekki mætti kæfa málið með því að setja það í nefnd. Menn ættu að vera stoltir af því að samþykkja þessa tillögu til að bæta dómgæsluna.

Eyjólfur Guðlaugsson benti á að til væri svokallað dómaragjald. KKÍ ætti eftir að senda út reikninga fyrir því gjaldi fyrir síðasta tímabil. Hann spurði hvað yrði um það gjald ef þessi tillaga yrði samþykkt. Hann spurði líka hver ætti að sjá um rukka inn gjaldið í þennan nýja sjóð, hvort það væri KKÍ eða dómaranefnd?

Kristinn Óskarsson útskýrði að dómaragjald væri hluti af launum dómara, sá hluti sem KKÍ hefði hingað til séð um að rukka inn og rynni til þeirra félags, KKDÍ.

Hrannar Hólm sagði erfitt yrði fyrir sum félög að ynna greiðsluna í sjóðinn af hendi, sérstaklega fyrir 1. september. Hann sagðist þó leggja til að tillagan yrði samþykkt óbreytt og ekki væri rétt að fresta málinu.

Eyjólfur Guðlaugsson spurði hvort þessar greiðslur ætti að heyra undir aðrar reglur KKÍ um skuldastöðu félaga, t.d. hvað verðar að fá félagaskipti og keppnisleyfi fyrir erlenda leikmenn?

Snorri Örn Arnaldsson sagði að nauðsynlegt væri að fram kæmi að það væri skrifstofa KKÍ sem sæi um innheimtu gjaldsins.

Hannes Jónsson sagði að þetta gjald yrði innheimt með sama hætti og önnur gjöld sem félögin ættu að ynna af hendi til KKÍ.

Hannes Birgir Hjálmarsson spurði út í hvort KKDÍ myndi leggja til upphæð í sjóðinn eins og fram kom í upphaflegu tillögunni?

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að 2. deild karla og neðri hluti 1. deildar karla væri veikburða. Búið væri að hækka þátttökugjöld í þessum deildum. Þau gætu að vísu fengið endurgreitt eftir á ef þau ættu dómara. Félag í 1. deild þurfi því nú að leggja út 100 þúsund kr. í þátttökugjald og aðrar 100 þúsund kr. í dómarasjóðinn. Hann sagðist að þetta gæti fælt lið frá því að koma upp í 1. deild. Hann sagðist leggja fram breytingartillögu þess efnis að þau tvö félög sem kæmu upp úr 2. deild 2005-2006

væru undanþegin þessu gjaldi. Hér væri ekki um há upphæð að ræða fyrir sjóðinn, en þetta gæti skipt sköpum fyrir viðkomandi félög.

Gunnar Freyr Steinsson sagði þessa undanþágu skynsamlega, en spurði hvort hún ætti við árlegu greiðsluna eða bara stofnframlagið?

Guðjón Þorsteinsson sagði að fyrst lið í úrvalsdeild og 1. deild greiddu sama gjald í þennan dómarsjóð þá væri eðlilegt að þau ættu að útvega jafn marga dómara.

Þingforseti bað Pétur Hrafn Sigurðsson um að ljúka afgreiðslu á þingskjölum 45, 39 og A-6 og þeim breytingartillögum sem fram hefðu komið.

Sagði að komin væri fram svohljóðandi breytingartillaga við þingskjal A-6: “Lið sem koma upp úr 2. deild karla keppnistímabilið 2005-2006 verða undanþegin stofngjaldi í sjóðinn.”

Pétur Hrafn bar því næst breytingar tillöguna, A-6-a undir atkvæði og var hún samþykkt.

Pétur Hrafn tók því næst fyrir svohljóðandi breytingartillögu frá Snorra Erni Arnaldssyni: “Við bætist: Skrifstofa KKÍ sér um að innheimta gjaldið.”

Pétur Hrafn bar tillöguna, A-6-b, undir atkvæði og var hún samþykkt.

Næst var tekin fyrir breytingartillaga við þingskjal nr. A-6 frá Kristni Óskarssyni þess efnis að dagsetningin 1. nóvember breytist í 1. september.

Pétur Hrafn bar því næst þingskjal, A-6-c, undir atkvæði og var það fellt.

Hann bar næst upp þingskjal nr. A-6 með áorðnum breytingum og var það samþykkt.

Pétur Hrafn bar því næst upp þingskjal nr. 45 með áorðnum breytingum sem fram koma í þingskjölum nr. A-6 og A-6-a og A-6-b og var það samþykkt.

Pétur Hrafn bar því næst þingskjal nr. 39 undir atkvæði og var það fellt.

Hannes Jónsson þakkaði Pétri Hrafn fyrir aðstoðina við að koma þessu flókna máli í höfn og gerði matarhlé.

Eftir matarhlé var borin upp tillaga þess efnis að Pétur Hrafn Sigurðsson tæki við störfum 2. þingforseta í stað Hannesar S. Jónssonar og var það samþykkt.

Pétur Hrafn gaf Hrannari Hólmi formanni allsherjarnefndar orðið.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 11 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-7.

Pétur Hrafn 2. þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 11. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti þingskjal nr. 11 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 15 og sagði að nefndin legði til að þingskalið yrði samþykkt. Sjá A-8.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 15. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti þingskjal nr. 15 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 25 og sagði að nefndin legði til að þingskalið yrði fellt. Sjá A-9.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 25. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti þingskjal nr. 25 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 26 og sagði að nefndin legði til að þingskalið yrði samþykkt. Sjá A-10.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 26. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti þingskjal nr. 26 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 27 og sagði að nefndin legði til að þingskalið yrði fellt og að stjórn KKÍ verði falið að endurskoða reglur um venslasamninga fyrir næsta ársþing. Sjá A-11.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 27. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti þingskjal nr. 27 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 34 og sagði að nefndin legði til að þingskalið yrði samþykkt. Sjá A-12.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 34. Talsverðar umræður urðu um þingskjalið og fram kom breytingartillaga, sjá þingskjal nr. 34a.

Þingforseti bar þingskjal nr. 34a undir atkvæði og var það samþykkt. Því næst bar hann upp þingskjal nr. 34 með áorðnum breytingum og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 28 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-13.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 28. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingforseti því þingskjal nr. 28 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 29 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-14.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 29. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingforseti því þingskjal nr. 29 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 30. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 30 yrði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur í þingskjali nr. A-15.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 30 og A-15. Engin hvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. A-15 undir atkvæði og var það samþykkt. Hann bar því næst þingskjal nr. 30 með áorðnum breytingum úr þingskjali A-15 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 31. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Sjá A-16.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 31. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 31 undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 21. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt og að stjórn KKÍ yrði falið að endurskoða reglugerðina og gera tillögur að breytingu, ef þörf væri á, fyrir næsta ársþing.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 21. Engin hvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. A-17 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 21 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjöl nr. 22 og 32.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjölin. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 22 undir atkvæði og var það fellt. Hann bar því næst þingskjal nr. 32 undir atkvæði og var það einnig fellt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 35. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu. Sjá þingskjal nr. A-19.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 35 og A-19. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því næst þingskjal nr. A-19 undir atkvæði og var það samþykkt. Því næst bar hann þingskjal nr. 35 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 24. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu. Sjá A-20.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 24 og A-20. Nokkrar umræður urðu um ágæti hinna ýmsu dagsetninga varðandi viðmiðunargengi og ekki voru allir á sama máli um þær.

Þingforseti bar þingskjal nr. A-20 undir atkvæði og var það samþykkt. Hann bar því næst þingskjal nr. 24 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 38. Hann sagði að meirihluti allsherjarnefndar legði til að þingskjalið yrði fellt. Sjá A-21.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 38. Engin kvaddi sér hljóðs og var þingforseti því þingskjal nr. 38 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 33. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu. Sjá A-22. Hann sagði að minnihlutinn legði til að þingskjalið verði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 33 og A-22. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. A-22 undir atkvæði og var það samþykkt.

Því næst bar hann upp þingskjal nr. 33 með áorðnum breytingum og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. A-23. Hann sagði að nefndin væri ósammála um álit á tillögunni.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. A-23.

Valþór S. Jónsson gerði athugasemd við afgreiðslu málsins og benti á að búið væri að samþykkja þingskjal nr. 33 og of því ætti ekki að vera að ræða breytingartillögur við það þingskjal. Hann benti einnig á að búið væri að hækka launapakið um 100 þúsund kr. og nú væri lagt til að það yrði hækkað um 150 þúsund krónur til viðbótar. Þá væri launapakið í raun komið í allt að 800 þúsund kr. Hann sagðist andvígur tillögunni.

Þingforseti sagði að hann hefði verið full fljótur á sér að bera upp þingskjal nr. 33. Hann óskaði eftir samþykki þingsins fyrir því að bera þingskjal nr. A-23 undir atkvæði og samþykkti þingið það. Því næst bar hann þingskjal nr. A-23 undir atkvæði og var það fellt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 43. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu við þingskjalið (sjá þingskjal nr. 43 a) og það yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 43 og 43 a.

Ingi Þór Steinþórsson sagðist vilja sjá innihald þessa þingskjals sem lög frekar en sem þingsályktun.

Birgir Hákonarson samðist vera sammála Inga Þór.

Hrannar Hólm sagði að þá væri rétt að bæta við eina setningu í tillögunna: “Ársþingið felur stjórn KKÍ að setja tillögunna í reglugerð fyrir næsta ársþing.”

Þingforseti gaf orðið laust um þá tillögu. Engin kvaddi sér hljóðs. Hann bar því næst þingskjal nr. 43 a undir atkvæði og bar það samþykkt. Því næst bar hann þingskjal 43 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það samþykkt.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 23. Hann sagði að flutningsmaður hefði ákveðið að draga tillöguna til baka.

Hrannar þakkaði loks nefndarmönnum og öðrum þingfulltrúm fyrir samstarfið. Pétur Hrafn Sigurðsson 2. þingforseti þakkaði þingheimi fyrir að hafa leyft sér að taka við stjórn þingsins, þakkaði traustið og þakkaði allsherjarnefnd einnig fyrir vel unnin störf.

Guðlaugur Þór Þórðarson 1. þingforseti tók á ný við stjórn þingsins og óskaði eftir því að sú breyting yrði gerð á dagskrá þingsins að kosningar yrðu teknar fyrir á undan öðrum málum. Þingheimur samþykkti þann hátt mála.

10. ÖNNUR MÁL

Eyjólfur Guðlaugsson sagði að rætt hefði verið um það við formann KKDÍ að dómarar tækju að sér skil á frumritun ferðakostnaðarblaða dómara, í stað þess að félögin þyrftu að skila þeim sérstaklega inn til KKI. Hann sagði einnig að hann hefði undir höndum reikningsyfirlit fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins og menn gætu nálgast þau hjá sér. Hann óskaði einnig eftir því að fjármálastjórar eða gjaldkerar félaganna sendu netföng sín til hans. Slíkt gæti sparað póstkostnað og tíma.

Þingforseti tilkynnti að nú yrði dregið í töfluröð fyrir úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna.

Þingforseti gaf Birni Leóssyni orðið og útskýrði hann fyrirkomulagið á drættinum. Björn sagði að þess yrði gætt í drættinum að Keflavík og Njarðvík ættu ekki heimaleiki í sömu umferðum.

Þingforseti dró miðana úr fötu og fyrst var dregið í 1. deild karla.

Fyrst var dregið í Iceland Express-deild kvenna.

Dráttur fór þannig: 1. UMFG 2. ÍS 3. Haukar 4. Keflavík 5. Breiðablik 6. Hamar/Selfoss.

Þá var dregið í tölfuröð í 1. deild karla: 1. KFÍ 2. ÍG 3. Þór Ak. 4. FSu 5. Stjarnan 6. Valur 7. Drangur 8. Breiðablik 9. Ármann/Þróttur 10. Höttur.

Þá var dregið í Iceland Express-deild karla.

Drátturinn fór þannig: 1. Keflavík 2. KR 3. Fjölnir 4. Haukar 5. Þór Þ. 6. ÍR 7. UMFN 8. Hamar/Selfoss 9. Tindastóll 10. UMFG 11. Snæfell 12. Skallagrímur.

Þingforseti gaf því næst orðið laust.

Hrannar Hólm óskaði mönnum til hamingju með stjórnarkjör. Hann sagði jafnframt að nú væri enn einu þingi KKI að ljúka, menn hefðu eytt mikilli vinnu í tillögusmið eins og svo oft áður og oft væru þær tillögur um sömu málefni svo sem erlenda leikmenn og launamál. Fulltrúar á þinginu kæmu þangað til að vinna íþróttinni gagn, en væru samt fyrst og fremst fulltrúar sinna félaga og ákvarðanir væru teknar út frá því. Hann sagði að skír markmið um hvert skyldi stefna í framtíðinni vantaði. Hann sagði að víða væri körfuboltinn í mikilli uppsveiflu, en hann stæði dálítið í stað hér á Íslandi. Þó væri uppgangur á vesturlandi og úrslitakeppnin væri alltaf frábær. Þá væri fullt hús, góð umfjöllin og beinar útsendingar og það væri frábært. Hann sagði að deildarkeppnin væri ekki nærri nógu góð. Hann sagði að áhorfendatölur hefðu lækkað og stundum væru undir 100 manns á leik. Ekki tækist heldur að fylla Laugardalshöllina þegar leikið væri til úrslita í bikarkeppninni. Hann sagði að stjórn KKI þyrfti að taka meira frumkvæði í þessum málum en gert hefði verið. Hann sagði að við þyrftum að horfa til fótboltans þar sem 1000-3000 manns væru á hverjum

einasta leik. Við þurftum að finna leiðir til að laða fólk á leiki í deildarkeppninni. Hann sagði þó ekki vera með patent lausnir á því. Fólk þyrfti að horfa á þetta heilstætt og vinna saman að því að bæta úr. Hann sagði aðsókn besta mælikvarðann á það hvort deildarkeppnin væri að gera sig eða ekki. Við þurftum að láta betur vita af okkar á tímabilinu frá október og fram í mars þegar deildarkeppnin væri í gangi. Við værum ekki í blöðum eða sjónvarpi eða efst á baugi í daglegu spjalli fólks í kaffistofunum. Þessu þurfi að breyta og komast á hærra plan. Lykilatriði væri að fjölga áhorfendum, þá kæmi meiri umfjöllun í kjölfarið.

Guðjón Þorsteinsson þakkaði fyrir gott þing og óskaði Hannesi Jónssyni til hamingju með formannskjörið. Hann sagðist síðan stinga uppá því að næsta þing yrði haldið á Akureyri. Síðan stakk Guðjón uppá því að þingið yrði haldið á föstudegi og laugardegi í stað laugardags og sunnudags. Því næst skammaði hann þau félög sem ekki hefðu sent fulltrúa á þingið og sagðist ekkert skilja í því. Það fólk sem ekki léti heyra í sér á þinginu ætti ekki að fara vælandi á spjallþræði eftir þingið. Loks þakkaði hann fyrir sig.

11. KOSNING FORMANNS

Kristinn G. Kristinsson formaður kjörnefndar greindi frá því að einn aðili væri í framboði til formanns KKI, Hannes Sigurbjörn Jónsson og var hann kjörinn með lófaklappi.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Kristinn G. Kristinsson formaður kjörnefndar skýrði frá því að kjósa þyrfti til stjórnar sambandsins. Laus væru þrjú sæti til tveggja ára og þar að auki væri eitt laust sæti til eins árs. Kristinn lagði til við þingið að kosið yrði í einu lagi í stjórnina, þ.e.a.s. þeir þrír sem fengju flest atkvæði væru kosnir til tveggja ára og sá sem yrði í fjórða sæti væri kosinn til eins árs. Þingið samþykkti þessa tillögu Kristins.

Sex aðilar gáfu kost á sér í þessi fjögur sæti og var því kosið. Þeir sem gáfu kost á sér í þessi þrjú sæti voru: Bjarni Gaukur Þórmundsson, Eyjólfur Guðlaugsson, Gísli Georgsson, Guðjón Þorsteinsson, Snorri Örn Arnaldsson og Árni Þór Hilmarsson. Kristinn gaf frambjóðendum kost á að kynna sig og komu frambjóðendurnir í pontu hver af öðrum og útskýrðu hverjir þeir væru og hvernig þeirra aðkoma að körfubolta hefði verið í gegnum tíðina.

Úrslit kosningarinnar urðu þau að Eyjólfur Guðlaugsson, Gísli Georgsson og Bjarni Gaukur Þórmundsson voru kjörnir í stjórn til tveggja ára og Snorri Örn Arnaldsson til eins árs.

Þá kynnti Kristinn að næst yrði kosið um þrjá aðila í varastjórn til eins árs. Í kjöri væru þau Árni Þór Hilmarson og Guðjón Þorsteinsson sem þegar hefðu fengið að kynna sig. Einnig væru í kjöri þau Erlingur Hannesson og Þóra Melsted og gaf hann þeim tækifæri til þess að kynna sig.

Úrslit kosningarinnar urðu þau að í varastjórn til eins árs voru kjörin þau Erlingur Hannesson, Þóra Melsted og Guðjón Þorsteinsson.

13. KOSNING FIMM MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Kosið var í dómstólinn á síðasta þingi, en þar sem einn dómari hefur sagt sig úr dómstólnum frá síðasta þingi var kosið í hans stað. Stungið var uppá Þórólfi Þorsteinssyni og var hann kosinn með lófaklappi.

14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá Hrafni G. Johnsen og Ingimar Ingasyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi. Til vara var stungið uppá þeim Kristjáni Guðlaugssyni og Kristni G. Kristinssyni og voru þeir einnig kjörnir með lófaklappi.

15. KOSNING ÞRIGGJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá þeim Jóhannes Karl Sveinsson, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Birgi Hákonarsyni og Ragnari B. Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Stungið væri uppá þeim Ottó Hafliðasyni og Gísla Friðjónssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍÞRÓTTAÞING

Stungið var uppá því að þessum lið væri vísað til stjórnar og var það samþykkt.

18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

19. ÞINGSLIT

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir skemmtilegt þing. Það hefði verið mikill heiður fyrir hann að fá að stjórna þinginu og það hefði verið ákaflega ánægjulegt. Loks óskaði hann þingfulltrúum alls hins besta í nánustu og fjærstu framtíð.

Hannes S. Jónsson þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og skemmtilegt þing. Hann bað því næst þingheim að rísa á fætur og klappa fyrir þingforseta fyrir frábæra stjórn þingsins. Því næst bauð hann nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði hinum sem

ganga úr stjórn fyrir vel unnin störf. Því næst þakkaði hann Fjölni fyrir góða umgjörð fyrir þingið. Að því mæltu sleit Hannes þingi og óskaði öllum þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Guðlaugur Þór Þórðarson
þingforseti

Björn Leósson
þingritari

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 1

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

9. grein hljóðar svo í dag:

Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september fyrir hvern eftirtaldr flokka sem tilkynntir eru í Íslandsmót eða bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið fjóra dómara.
- b) Meistaraflokkur karla pr. lið þrjá dómara.
- c) Meistaflokk kvenna pr. lið tvo dómara.

Félag sem tekur þátt Íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en tvo dómara (eða fjóra ef lið tilkynnir einungis þátttöku í Úrvalsdeild) nema ef það tilkynnir einungis þátttöku í yngri flokkum þá þarf það engan. Dómarar þessir skulu vera orðnir 18 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ.

Fyrir hvern dómara sem félagi vantar til að ná ofangreindu lágmarki eða dómara sem ekki vilja dæma fyrir KKÍ skulu félög greiða kr. 30.000,00 (pr. dómara). Upphæðin skal renna til KKÍ. Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

Tillaga að breytingu:

9. grein

Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september.

Fyrir hvern dómara sem félögin tilnefna eru bakfærðar kr. 30.000 af þáttökugjöldum þess. Bakfærslan getur ekki orðið meiri en heildarþáttökugjöld félagsins og fer fram 20. september ár hvert.

Upphæð á bakfærslu vegna dómara skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

Dómarar þessir skulu vera orðnir 18 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ.

Greinargerð: Það hefur sýnt sig að fyrri grein hefur ekki skilað ásættanlegum árangri. Þetta innifelur að mínu áliti meiri hvatningu.

F. h. stjórnar KKÍ
Eyjólfur Þór Guðlaugsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 2

Tillaga um þáttökugjöld

Efsta deild karla:	130.000
Efsta deild kvenna:	100.000
1. deild karla:	100.000
2. deild kvenna:	60.000
2. deild karla:	60.000
Yngri flokkar:	15.000

Greinargerð:

Nauðsynlegt vegna breytingar á 9. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

F. h. stjórnar KKÍ
Eyjólfur Þór Guðlaugsson

Vísað til: X Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

29. grein

Aldur leikmanna miðast við áramót [...]

a) Konur:

- 1. aldursflokkur 19 ára og eldri
- Unglingaflokkur 16, 17 og 18
- 10. flokkur kvenna 15 ára
- 9. flokkur kvenna 14 ára
- 8. flokkur kvenna 13 ára
- 7. flokkur kvenna 12 ára
- Minnibolti 11 ára og yngri
- Minnibolti 10 ára
- Minnibolti 9 ára
- Míkróbolti 8 ára og yngri

b) Karlar:

- 1. aldursflokkur 21 árs og eldri
- Unglingaflokkur 19 og 20 ára
- Drengjaflokkur 17 og 18 ára
- 11. aldursflokkur 16 ára
- 10. aldursflokkur 15 ára
- 9. aldursflokkur 14 ára
- 8. aldursflokkur 13 ára
- 7. aldursflokkur 12 ára
- Minnibolti 11 ára
- Minnibolti 10 ára
- Minnibolti 9 ára
- Míkróbolti 8 ára og yngri

Greinargerð: Við bætist minnibolti 10 ára hjá konum, og minnibolti 10 ára og míkróbolti 8 ára og yngri hjá konum og körlum. Verið er að jafna aldursflokkaskiptinu kvenna og karla í yngstu flokkum, auk þess sem bætt er við míkróbolta.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

43. grein 8. flokkur kvenna

[...] Í 8. flokki kvenna skal leikið með ~~minni~~ bolta nr. 6 (kvennabolta). [...]

Greinargerð: spilað er með kvennabolta í 8. flokki karla. Stúlkur ættu vel að geta ráðið við kvennabolta á þessum aldri og því eðlilegt að gera þessa breytingu.

Millipinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

33. grein 11. flokkur karla

Aldur: 16 ára.

Leiktími: ~~2 x 18 mínútur~~ 4 x 10 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta og 5 mínútna leikhlé í hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. [...]

34. grein 10. flokkur karla

Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~2 x 16 mínútur~~ 4 x 8 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

35. grein 9. flokkur karla

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~2 x 16 mínútur~~ 4 x 8 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

36. grein 8. flokkur karla

Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körf Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik og innáskiptingar eru ekki leyfðar. Síðari hálfleikur ~~1 x 14 mínútur~~ 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli leikhluta er 1 mínúta og milli hálfleikja er 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

37. grein 7. flokkur karla

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körf Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur ~~1 x 14 mínútur~~ 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli leikhluta er 1 mínúta og milli hálfleikja er 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

41. grein 10. flokkur kvenna

Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~2 x 16 mínútur~~ 4 x 8 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta og 5 mínútna hálfleikur.

Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

42. grein 9. flokkur kvenna

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~2 x 16 mínútur~~ 4 x 8 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta og 5 mínútna hálfleikur.

Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

43. grein 8. flokkur kvenna

Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körf Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur ~~1 x 14 mínútur~~ 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli leikhluta er 1 mínúta og milli hálfleikja er 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

44. grein 7. flokkur kvenna

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körf Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur ~~1 x 14 mínútur~~ 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli leikhluta er 1 mínúta og milli hálfleikja er 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. [...]

Greinargerð: Lögð er til breyting á leiktíma yngri flokka til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á leiktíma í mfl. karla og kvenna. Í dag spilum við 4x10 mínútur, 2x18 mínútur, 2x16 mínútur og 2x10 - 1x14 mínútur. Þetta veldur misskilningi og ruglingi hjá mörgum sem koma að íþróttinni sem leikmenn, þjálfarar, dómarar og áhorfendur. Með þessum breytingum verða allir leikir í 7. flokki og upp í 10. flokk 4x8 mínútur og allir leikir í 11. flokki og upp úr 4x10 mínútur. Engar breytingar verða gerðar á leiktíma í minnibolta.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

37. grein 7. flokkur karla

[...] Í 7. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn. ~~en á eigin~~
sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er. [...]

44. grein 7. flokkur kvenna

[...] Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 7. flokki kvenna. ~~en á eigin~~
sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn [...]

Greinargerð: Í 7. flokki er töluvert um breytingar frá minnibolta, t.d. hærri körfur og heimilt að leika vörn á sóknarvelli. Fæstir krakkar á þessum aldri hafa getu til að spila svæðisvörn eða á mótí svæðisvörn.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

28. grein Íslandsmót yngri flokka

~~Stefnt skal að því að Minnibolti 10 ára, 8. flokkur karla og kvenna, drengjaflokkur og Minnibolti kvenna leiki saman um helgi. Minnibolti 11 ára, 9. flokkur og stúlknaflokkur um aðra og 7. flokkur, 10. flokkur og unglingsflokkur kvenna um þá þriðju. Skipta skal má hverri umferð Íslandsmóts yngri flokka niður á fjórar helgar. Stefnt skal að því að 9. flokkur karla, 10. flokkur kvenna og 11. flokkur karla leiki fyrstu helgina, 8. flokkur karla, 9. flokkur kvenna og 10. flokkur karla þá aðra, minnibolti kvenna 11 ára, minnibolti karla 10 ára, 7. flokkur karla og 8. flokkur kvenna þá þriðju og minnibolti karla 11 ára, minnibolti kvenna 10 ára og 7. flokkur kvenna þá fjórðu. Íslandsmót yngri flokka skal fara fram á tímabilinu september til og með apríl ár hvert.~~

Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt.

~~Keppnin skal fara fram á tímabilinu september til apríl.[...]~~

Greinargerð: komið hefur fram skýr vilji hjá mörgum félögum til að lengja keppnistímabilið í yngri flokkum. Með því að fjölga þeim helgum sem hver umferð fjölliðamóta er leikin á lengist bilið milli hvers móts. Áfram verða leiknar 4 umferðir í A-riðlum og 3 í B-C-D riðlum auk vormóta. Mestu munar um að vormót og úrslitaumferðir færast fram í aprílmánuð og lengja þannig tímabilið um ca. mánuð fyrir þá yngstu.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá tvöfalda útstrikun og feita undirstrikun.

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

39. grein

MINNIBOLTI 10 ÁRA

Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Skal stjórn KKÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk, og skal stefnt að því að halda a.m.k. tvö mót á vegum KKÍ á keppnistímabilinu. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótinu, en í samráði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningarskjal fyrir þátttöku.

Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 10 mínútur.

Skipta skal liðum í minnibolta karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 10 ára frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 10 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í minnibolta karla gilda leikreglur FIBA í minnibolta að viðbættum eftirfarandi sérákvæðum:

1. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri

umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKI minnst viku fyrir hvert fjölíðamót sem óskað er eftir undanþágu.

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær.

3. Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.

4. Ekki skal stöðva leikklokku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklokku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglu í minnibolta.

5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnavelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins.

Sérákvæði fyrir leiktímabilið 2006-2007: Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 11 ára frá leiktímabilinu 2005-2006. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 11 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Greinargerð: Körfuknattleikshreyfingin er í mikilli samkeppni við aðrar greinar um bestu íþróttamennina. Í flestum öðrum íþróttagreinum geta bestu íþróttamennirnir svarað keppnisþorsta sínum fyrr en í körfubolta. Með því að bjóða upp á keppni í minnibolta 10 ára, þá bindur nefndin vonir við að góðir íþróttamenn fái fyrr tækifæri til að svara keppnisþorsta sínum gegn jafnöldrum í stað þess að keppa aðeins gegn sér eldri leikmönnum allt upp í minnibolta 11 ára. Þessi breyting fellur innan þeirra marka sem stefnuyfirlýsing ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga setur íþróttahreyfingunni.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

Inn komi tvær nýjar greinar, 40. og 41. grein:

40. grein Minnibolti 9 ára

Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 9 ára. Skal mótanefnd KKÍ samræma mótahald í minnibolta ~~10~~ 9 ára og yngri. Unglinganefnd KKÍ skal gefa út leiðbeinandi reglur um mótahald í minnibolta 9 ára.

41. grein Míkróbolti 8 ára og yngri

Ekki skal keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki míkróbolta 8 ára og yngri. Skal stjórn og mótanefnd KKÍ samræma mótahald í míkróbolta 8 ára og yngri. Keppt skal á körfu í minniboltahæð (2.60 m), með bolta nr. 3 (míkróbolta). Mest skulu vera fjórir leikmenn úr hvoru liði á leikvelli (spilað 4 á móti 4). Unglinganefnd KKÍ skal gefa út leiðbeinandi reglur um mótahald í míkróbolta.

Greinar 40., 41., 42. o.s.frv. verði 42., 43., 44. o.s.frv.

Greinargerð: hér er um tvær breytingar að ræða. Annars vegar er verið að bæta inn grein um minnibolta 9 ára (þar sem lagðar eru til breytingar á minnibolta 10 ára) og hins vegar er verið að bæta við nýju hugtaki, míkróbolta 8 ára og yngri.

Greinin um minnibolta 9 ára snýst fyrst og fremst um að færa reglugerðina nær raunveruleikanum. Mótanefnd fær fullt vald til þess að samræma mótahald í þessum aldursflokki, þannig að nýjum mótum verði ekki troðið ofan í þau mót sem fyrir eru.

Þáttaka yngstu kynslóðarinnar hefur snaraukist á síðustu misserum og hafa þau mót sem í boði eru fyrir yngsta hópinn aldrei verið stærri en í vetur. Körfuknattleikshreyfingin á hins vegar ekkert hugtak fyrir yngstu iðkendurna, þar sprettur míkróboltahugtakið upp. Helsti munurinn á minnibolta og míkróbolta 8 ára og yngri er að færri leikmenn eru á vellinum hverju sinni (8 í stað 10) auk þess sem leikið verður með minni bolta. Yngstu börnin ættu því að ráða betur við íþróttina og ættu þannig að geta notið sín betur í körfubolta.

Milliþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá tvöfalda útstrikun og feita undirstrikun.

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

36. grein 8. flokkur karla

[...] Ef lið notar 10 leikmenn í 8. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKÍ minnst viku fyrir hvert fjölldamót sem óskað er eftir undanþágu. [...]

37. grein 7. flokkur karla

[...] Ef lið notar 10 leikmenn í 7. aldursflokki í fyrri hálfleik fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKÍ minnst viku fyrir hvert fjölldamót sem óskað er eftir undanþágu. [...]

43. grein 8. flokkur kvenna

[...] Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur, og klukkan ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körfu. Skylt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til að ná bónusstigi. [...]

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKÍ minnst viku fyrir hvert fjölldamót sem óskað er eftir undanþágu. Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils. [...]

44. grein 7. flokkur kvenna

[...] Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur, og klukkan ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körfu. Skylt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til að ná bónusstigi. [...]

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst

að taka þátt.

Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKI er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Rökstudd umsókn félags verður að berast mótanefnd KKI minnst viku fyrir hvert fjölíðamót sem óskað er eftir undanþágu. Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils. [...]

Greinargerð:

Verið er að reyna að koma í veg fyrir þann leik þjálfara og forráðamanna félaga sem eru með lið í þessum flokki að í úrslitafjölliðamótinu nota þjálfarar stundum alla 10 leikmennina og stundum ekki. Þannig fer það stundum eftir “klókindum” þjálfaranna hvort þeir ná efstu sætunum í riðlinum. Spurningin er ekki sú hver er með besta liðið, heldur í hvaða viðureignum nota ég 10 leikmenn og í hvaða viðureignum nota ég ekki 10 leikmenn. Í upphafi var reglan sett til að tryggja að þjálfarar notuðu 10 leikmenn í leikjum sínum en keyrðu ekki eingöngu á 5 – 7 leikmönnum. Reglan tryggir einnig að ef þjálfarar ætla að ná árangri verða þeir að sinna bæði besta leikmanninum og leikmanni nr. 10 í liðinu.

Undanþágumöguleiki er veittur fyrir lið af smærri stöðum á landinu. Mótanefnd skal hafa í huga að ekki er ætlast til að undanþága sé veitt félögum sem hafa starfhæfan flokk fyrir neðan þann flokk sem sækir um undanþáguna.

Millþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð KKÍ um félagaskipti

2. grein Tímabil félagaskipta

[...] b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla og kvenna skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 28. febrúar, vera frjáls. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Félagaskipti fyrir leikmann á grunnskólaaldri skulu taka gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Skipti leikmaður á grunnskólaaldri um félag í annað sinn eða oftár á keppnistímabili skulu félagaskiptin fylgja almennum félagaskiptareglum. Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur. [...]

Greinargerð: Þarna er verið að koma á móts við leikmenn í yngri flokkum sem m.a. hafa þurft að flytja með foreldrum sínum á milli bæjarfélaga á miðju tímabili. Það er ósanngjarnt að börn þurfi að bíða í heilan mánuð til þess að mega spila leik með nýju félögum. Ekki þykir þó ástæða til að leyfa leikmönnum á grunnskólaaldri að valsa á milli félaga og því skulu önnur og seinni félagaskipti á keppnistímabili fylgja almennum félagaskiptareglum.

Millipinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

36. grein 8. flokkur karla

[...] Í 8. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins. [...]

37. grein 7. flokkur karla

[...] Í 7. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins. [...]

38. grein Minnibolti karla 11 ára

[...] 5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

43. grein 8. flokkur kvenna

[...] Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 8. flokki kvenna, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

44. grein 7. flokkur kvenna

[...] Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 7. flokki kvenna, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

45. grein Minnibolti kvenna 11 ára

[...] 5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins.

Samþykkt var samskonar ákvæði hvað varðar minnibolta 10 ára.

Greinargerð: Lið getur hagnast verulega á því að spila ólöglega vörn í yngri flokkum og þannig varnað leiðum að körfunni. Dómarar hafa í raun ekki haft vopn í höndunum til að stöðva lið sem brýtur reglurnar með því að spila ólöglega vörn og er því verið að bæta við úrræðum.

Millþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá feitletrun undirstrikun.

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

28. grein Íslandsmót yngri flokka

[...]Raða skal niður leikjum í úrslitafjölliðamótum eftir ofangreindri töflu. Tafla þessi skal ekki vera bindandi séu flokkar svo fáir að ekki þurfi að keppa í riðlum né heldur í riðlakeppni Íslandsmóts yngri flokka.

Það félag sem flest stig hlýtur úr þremur fyrstu umferðum A-riðils Íslandsmóts ávinnur sér rétt til að halda fjórðu umferð Íslandsmóts á sínum heimavelli. Ávinni sama félag sér rétt til að halda fjórðu umferð í fleiri en einum aldursflokki sömu keppnishelgi skal mótanefnd í samvinnu við félagið ákveða hvaða aldursflokkur fái mót á heimavelli. Geti stigahæsta félagið ekki haldið fjórðu umferð Íslandsmóts á sínum heimavelli skal rétturinn flytjast til næst stigahæsta liðsins.[...]

Greinargerð: mörgum hefur ekki þótt nógu gegnsætt hvernig úrslitamótum eða fjórðu umferð Íslandsmóta yngri flokka er raðað niður. Verið er að gera ferlið gegnsærra, auk þess sem fyrstu þrjú mót vetrarins fá eitthvað vægi við þessa breytingu.

Millþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKI haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 14

Tillaga til þingsályktunar.

Árþing Korfuknattleikssambands Íslands haldið í Grafarvogi 5. – 7. maí 2006 samþykkir að beina því til aðilarfélaga sinna og stjórnar KKI, að þau geri átak í dómaramálum. Það verði gert með því að halda regluleg dómaramámskeið og markvissu utanumhaldi að því loknu.

Greinargerð: Endurnýjun í dómaraastéttinni er á ábyrgð aðildarfélaga KKI. Með því að halda betur utan um málaflökkinn innan félaganna, aukast líkurnar á því að eðlileg nýliðun verði í dómaraastéttinni.

Nefndin telur að með því að útskrifa dómara með flautu og búning og stofnun dómara nefnda innan félaganna sem sjá um niðurraðanir á leiki í yngri flokkum og samskipti við KKDÍ varðandi fræðslu og félagsstarf, aukist líkurnar á því að þeir sem útskrifast endist lengur í dómgaeslu og viðhaldi áhuga sínum.

Þessar nefndir gætu verið í sambandi við KKI og KKDÍ um fræðslufundi fyrir dómara innan síns félags og úti á landi mætti setja upp slíka fundi í tengslum við heimsóknir dómara í meistaraflökksleiki. Nefndirnar gætu komið dómurum á framfæri við dómaraforystuna með því að senda t.d. myndefni frá leikjum til yfirferðar.

Millþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 15

Tillaga til þingsályktunar.

Árþing KÖrfuknattleikssambands Íslands haldið í Grafarvogi 5. – 7. maí 2006 samþykkir að beina því til mótanefndar KKÍ að skipuleggja keppnistímabil yngri flokka þannig að stórir atburðir, svo sem Samkaupsmót og bikarúrslitahelgi yngri flokka, fari ekki fram sömu helgi.

Greinargerð: Síðustu ár hefur orðið skörun á atburðum, þar sem bikarúrslitahelgi yngri flokka og Samkaupsmótinu hefur verið ætlað að nýta sömu helgi innan keppnisdagatalsins. Samkaupsmótið er stærsta einstaka mót körfuboltahreyfingarinnar, það þýðir að það verður alltaf einhver skörun við bikarúrslitahelgina, þar sem þjálfarar, foreldra, forráðamenn félaga og fleiri þurfa að vera á fleiri en einum stað í einu. Með því að setja þessa tvo stóru viðburði á sitt hvora helgina njóta þeir sín betur.

Millþinganefnd um mótahald yngri flokka

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

23. grein

1. DEILD KVENNA

1.deild kvenna skal skipuð 6 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Neðsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og tekur efsta lið 2. deildar sæti þess. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratitil og fá farandbikar og eignarbikar.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur þremur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.

~~Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að liðin sem hafa lent ofar í deildarkeppninni fái fyrsta, þriðja og ef með þarf þriðja fimmta leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild kvenna fær það lið fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli sem lenti ofar í deildarkeppninni.~~

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Greinargerð:

Kvennakörfuboltinn á betra skilið en að undanúrslitin um Íslandsmeistaratitilinn geti ráðist í aðeins tveimur leikjum. Í fimm leikja rimmu eru meiri líkur á að það lið sem er sannarlega betra komist áfram í úrslit.

F.h. ÍBR,
Gunnar Freyr Steinsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Reglugerð um körfuknattleiksmót

20. grein

ÚRVALSDEILD

[...]

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:

Viðureign nr. 1: Lið nr. 1 - lið nr. 8

Viðureign nr. 2: Lið nr. 4 - lið nr. 5

Viðureign nr. 3: Lið nr. 3 - lið nr. 6

Viðureign nr. 4: Lið nr. 2 - lið nr. 7

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í ~~tveim~~ þremur leikjum.

[...]

Greinargerð:

Í fimm leikja rimmu eru meiri líkur á að það lið sem er sannarlega betra komist áfram í næstu umferð.

F.h. ÍBR
Gunnar Freyr Steinsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Reglugerð fyrir dómarnefnd

[...]

6. Hvert félag skal greiða dómarnefnd ákveðið gjald, dómargjald, fyrir hvern leik. Inni í gjaldinu eru greiðslur fyrir dómara og eftirlitsdómara. Stjórn KÍ ákvarðar upphæð dómargjalds. Stjórn KÍ, ásamt dómarnefnd, ákveður hvaða dómara/eftirlitsdómara skulu vera launaðir og jafnframt hlut dómara/eftirlitsdómara í dómargjaldi.

Fyrirkomulag á dómargjalds skal vera samkvæmt ákv. stjórnar KÍ í samráði við dómarnefnd. Skal sú ákvörðun liggja fyrir við upphaf keppnistímabilsins.

Stjórn KÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

[6. grein fellur niður í heild sinni, aðrar greinar færast upp.]

[...]

9. Dómarnefnd skal viðhalda skilvirku kerfi til einkunnagjafar á dómurum og dómgæslu þeirra. Kerfið skal samstanda af umsögn þjálfara liðanna og FIBA eftirlitsmanna KÍ hverju sinni. Þá skal, ef hægt er, skipa sérstaka hlutlaus matsmenn sem fylgist með leik (ekki á ritaborði) og gefi umsögn. Niðurstöður skulu birtar á miðju keppnistímabili og í lok keppnistímabils. Dómarnefnd skal hafa niðurstöður til hliðsjónar við röðun á leiki.

Dómarnefnd hefur heimild til að viðhalda skilvirku kerfi til einkunnagjafar á dómurum og dómgæslu þeirra. Útfærsla kerfisins er í höndum dómarnefndar hverju sinni. Dómarnefnd hefur heimild til að birta niðurstöður hvenær sem er á keppnistímabilinu eða í lok þess, sýnist nefndinni svo.

[...]

Greinargerð varðandi 6. grein:

Greinin á í raun ekki heima í þessari reglugerð, launagreiðslur til dómara fara ekki í gegnum dómaranefnd, og raunar virðast þetta vera leifar af einhverju gömlu.

Greinargerð varðandi 9. grein:

Á meðan ekki er grundvöllur fyrir því að viðhalda skilvirku eftirlitskerfi er ekki hægt að skikka dómaranefnd til að halda því úti. Þar að auki tel ég að sú útfærsla kerfisins sem talað er um í greininni sé ekki nægjanlega góð. Dómaranefnd eigi frekar að vinna að heildrænni útfærslu í samráði við fulltrúa dómara og félaganna.

F.h. ÍBR
Gunnar Freyr Steinsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

Breytingar á greinum 29. og 40.. Við bætist grein 41. um stúlknaflokk, greinar 40., 41., 42. o.s.frv. verði 41, 42., 43. o.s.frv.

29. grein

Aldur leikmanna miðast við áramót [...]

a) Konur:

1. aldursflokkur 20 ára og eldri

Unglingaflokkur ~~16, 17 og~~ 18 og 19 ára

Stúlknaflokkur 16 og 17 ára

10. flokkur kvenna 15 ára

9. flokkur kvenna 14 ára

8. flokkur kvenna 13 ára

7. flokkur kvenna 12 ára

Minnibolti 11 ára og yngri

[...]

40. grein

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Aldur: ~~16, 17 og~~ 18 og 19 ára

Leiktími: 4 x 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútur í hálfleik. [...]

41. grein

STÚLKNAFLOKKUR

Aldur: 16 og 17 ára

Leiktími: 4 x 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútur í hálfleik.

Skipta skal liðum í stúlknaflokki upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni.

Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 10. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 10. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B, C og D-riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsti lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli ásamt efsta liði B-riðils.

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í stúlknaflökki skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Heimilt er að leika hvaða vörn sem er í stúlknaflökki.

Greinargerð:

Með því að skipta upp unglingsflokk kvenna og bæta einu ári ofaná ungl kvk opnast möguleiki fyrir því að fjölgun í kvennakörfunni verði til staðar. Oftar en ekki hætta stúlkur eftir 10 bekk því ekki er flokkur sem er sjálfstæður og oftar en ekki æfir unglingsflokkur kvenna með meistaraflokk kvenna. Með því að lengja Yngri flokkanna hjá stúlkum mun sá möguleiki opnast að stúlkur haldist lengur í Íþróttinni og breiddin muni aukast. En mikil óánægja hefur ríkt meðal stúlkna með að yngri flokkar stúlkna sé tveimur árum styttri en karla og er þetta því ein leið til þess að minna bilið og auka flórana í kvennakörfunni hér á landi.

F.h. ÍBH/Hauka
Gunnar Stefánsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Vísað til stjórnar.

Reglugerð um Félagaskipti

Breytingar á 2. grein b-lið.

2.grein

b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla og kvenna skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 28. febrúar, vera frjáls. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi ~~einum mánuði~~ um leið og KKÍ hefur mótttekið lögmæta beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur mótttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur.

Greinargerð:

Við teljum að það þjóni engum að bíða í einn mánuð eftir félagaskiptum og teljum það hálfgerða refsingu fyrir leikmann sem vilja skipta um félag.

F.h. ÍBH/Hauka
Gunnar Stefánsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breytingar á reglugerð fyrir erlenda leikmenn

1.gr.

~~Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar Evrópulands.~~

Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang Evrópulands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með evrópskt ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmanns með evrópskt ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

2.gr.

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Félagi er þó heimilt að vera sanningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma. Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflókka í bikarkeppnum KKÍ.

Á tímabilinu 6. janúar – 30. apríl er erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagsliðs nema ef sami eða annar erlendur leikmaður hafi þegar leikið fyrir liðið fyrra á sömu leiktíð.

3.gr.

Félög sem óska eftir heimild fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal leggja fram leikheimild (letter of clearance) frá heimalandi leikmanns eða frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf. Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni með ríkisfang utan Evrópu keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram.

4.gr.

Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn

5.gr.

Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. október til 15. apríl í mótum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlendis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku KKÍ á beiðni um félagaskipti. Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember til loka keppnistímabils eru háð samþykki félagaskiptanefndar.

6.gr.

Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl. Hafi félag sagt samningi við erlendan leikmann lausum þarf ekki samþykki þess við félagaskipti.

7.gr.

Erlendur leikmaður sem fær íslenskan ríkisborgararétt meðan á keppnistímabili stendur, skal teljast erlendur leikmaður út keppnistímabilið.

8.gr.

Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:

- a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
- b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óþrúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.

9.gr.

Sömu reglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.

10.gr.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglugerð þessari þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglugerð þessari þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

1.gr.

Sömu reglur gilda um félagaskipti fyrir íslenska og erlenda leikmenn, nema annað sé tekið fram. Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar.

2.gr.

a) Heimila skal einum erlendum leikmanni frá landi utan FIBA Europe að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

b) Félagaskiptum í mfl. karla og kvenna er skipt í tvo hluta. Lengra félagaskiptímabil er frá 1. maí til loka 5. umferðar í Úrvalsdeild karla eða jafnlengdar þess tíma (var á síðasta ári 10. nóvember). Á þeim tíma eru félagaskipti frjáls og eru leikmenn löglegir um leið og KKÍ gefur út leikheimild. Annar hluti keppnistímabils, félagaskiptagluggi, telst vera í eina viku frá lokum 17. umferðar Úrvalsdeildar karla eða jafnlengdar þess tíma (var 12. febrúar á þessu ári). Leikmenn löglegir um leið og KKÍ gefur út leikheimild.

3. gr.

Til að erlendur leikmaður öðlist leikheimilt skal félag senda eftirfarandi gögn inn til KKÍ:

- Umsóknareyðublað um félagaskipti og keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann.
- Skráningarblað til FIBA Europe.
- Ljósrit af vegabréfi.
- Leikmannasamning (úrvalsdeild karla og kvenna).
- Staðfesting á sjúkratryggingu fyrir allt keppnistímabilið eða E101.

- Letter of clearance (LOC) frá því landi sem leikmaður lék í þegar félagaskipta var óskað sem KKÍ aflar eða Self declaration sem félag útvegar ef um er að ræða leikmann sem kemur beint úr skóla utan FIBA Europe.
- Félag þarf að vera skuldlaust við KKÍ mánaðarmótin á undan því er ósk um félagaskipti koma fram.

Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal inna af hendi greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita erlendum leikmanni leikheimild nema félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram.

4.gr.

Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn

5. gr.

Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl. Hafi félag sagt samningi við erlendan leikmann lausum þarf ekki samþykki þess við félagaskipti.

6. gr.

Erlendur leikmaður skal leika á sama ríkisfangi innan sama leiktímabils.

7.gr.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglugerð þessari þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

Greinargerð:

Tilgangurinn með þessari heildartillögu á breytingum á reglugerð fyrir erlenda leikmenn er:

- Að einfalda reglur um félagaskipti erlendra leikmanna.
- Að reglugerð fyrir erlenda leikmenn gildi fyrir **alla** erlenda leikmenn ekki bara suma.
- Að leggja fram tillögu sem þingfulltrúar gætu sameinast um varðandi það sem virðist verða flóknara og flóknara að skilgreina þ.e. hvar eru mörkin milli evrópskar leikmanna og kana.
- Að taka upp nýtt fyrirkomulag á félagaskiptatímabili.
- Að draga úr neikvæðu umtali/auglýsingu á íþróttinni.

Á undanförunum 7 tímabilum hafa leikið í Úrvalsdeildinni 254 erlendir leikmenn, til einföldunnar breyti ég ekki útlendingi í íslending við að fá íslenskan ríkisborgararétt. Þetta er aðeins fjöldi þeirra leikmanna sem hefur spilað leiki í deildinni. Við þennan fjölda má bæta leikmönnum sem komu og fóru án þess að spila leik í deildinni. Leikmenn sem spiluðu aðeins í úrslitakeppninni eða bikarkeppnum. Þessi fjöldi erlendra leikmanna og þá sérstaklega miklu skipti leikmanna hafa kallað fram neikvæð viðbrögð innan og utan hreyfingarinnar.

Stóra atriðið í þessari tillögu er breyting á félagaskiptatímabili og reglum um það. Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða innan og utan hreyfingarinnar um ágæti þess að hægt sé að skipta um suma erlenda leikmenn eins og nærbuxur. Hver hefur ekki tekið þátt í þeirri umræðu hvort það er eðlilegt að bann sem leikmaður fær bitni á liðinu hans eða ekki?

Í samtölum mínum við aðila innan sem utan hreyfingarinnar hef ég ekki fengið nein gild rök fyrir þessum mismun á reglum um félagaskipti erlendra leikmanna eftir því hvaðan þeir koma. Á undanförunum árum hefur verið hrært í meginreglu um fjölda erlendra leikmanna og fjölda þeirra eftir uppruna þeirra. Það er skoðun mín að hreyfingin ætti að setja sig niður á ákveðin fjölda eftir ákveðinni skiptingu og vinna að því að sníða af agnúa á öðrum þáttum reglnanna eins og t.d. þeim hverjum má skipta út og hvencær.

Athugasemdir einstakra greina.

1.gr.

Tillagan gengur út á að hafa eina reglugerð sem tekur á félagaskiptum þeirra sem ekki eru með íslenskan ríkisborgararétt og eru það viðbótar- og sérákvæði við reglugerð KKÍ um félagaskipti varðandi þá einstaklinga.

2.gr.

Tillagan gengur út á að fella greinina að öðrum þeim greinum sem undirritaður leggur fram vegna breytinga á reglugerð fyrir erlenda leikmenn. Varðandi það að félag geti verið með samning við fleiri en einn leikmann þá ætti að duga ákvæði 10. greinar reglugerðar fyrir erlenda leikmenn.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um alla erlenda leikmenn og að teknar verði upp nýjar reglur um heimildir til að skipta um eða taka inn nýja erlenda leikmenn.

3.gr.

Í tillögunni er tilgreint með skýrari hætti hvaða gögn þarf að leggja fram þegar félag óskar eftir leikheimild fyrir erlendan leikmann. Varðandi sjúkratryggingu þá hefur aldrei verið tekið fram tímalengd tryggingar. Undirritaður telur að þetta ákvæði hafi verið sett inn sem vörn fyrir félögin fremur en að það snerti KKÍ eitthvað frekar en það hvort leikmaður hefði atvinnu- og dvalarleyfi. Vilji menn halda þessu öryggisákvæði er rétt að hafa það þannig að það haldi.

Ítarlegri skýring á LOC er til að taka af allan vafa með að félag geti ekki lagt inn félagaskipti fyrir leikmann en taki hann svo ekki fyrr en mörgum mánuðum seinna og þá frá nýjum stað.

4.gr. óbreytt.

5.gr. í eldri reglum fellur alfarið út.

5.gr.

Eingöngu um númerabreytingu greinarinnar að ræða til samræmis við heildarbreytingu.

6.gr. var 7.gr. í eldri reglugerð

Tillagan gengur út á að leiðrétta augljósan fingurbrjót frá síðasta þingi.

7.gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. í eldri reglugerð.

8.gr. eldri reglugerðar.

Greinin fellur út í heild sinni. Sambærilegt ákvæði og er í a lið er að finna í tillögu um breytingar á 3. gr. reglugerðar um félagaskipti og dugar að hafa það á einum stað.

Varðandi b lið þá er til aganefnd sem tekur á agamálum og stjórn KKÍ hefur ekkert að gera með það að hafa eitthvert sérstakt vald til að fjalla um hegðun leikmanna og þaðan af síður að slíkt ákvæði sé bundið leikmönnum frá ákveðnum heimshlutum.

9.gr. eldri reglugerðar

Greinin fellur út þar sem henni er komið fyrir í 1. gr. tillögu undirritaðs að reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

1. kafli.

Hlutgengi leikmanna

1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram að ~~einum~~ **tveimur** erlendum leikmanni með ríkisborgararétt frá landi utan FIBA Europe og tveimur erlendum leikmönnum með ríkisborgararétt frá löndum innan FIBA Europe. ~~utan Evrópu.~~

1.2. Félögum er ekki heimilt að bæta við erlendum leikmönnum eftir 5. janúar ár hvert. Félögum er heimilt að skipta um erlenda leikmenn hvenær sem er á tímabilinu. **Um félagaskipti og hlutgengi fer annars samkvæmt reglugerð um félagaskipti erlendra leikmanna.**

1.3. Til þess að öðlast keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann skal félög skila inn öllum þeim gögnum sem KKÍ krefst, þ.m.t.

1.3.1. Leikmannasamningi við leikmanninn skv. grein 3.1

1.3.2. Leikheimild (Letter of Clearance) frá því ríki sem leikmaður lék í síðast

1.3.3. Staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi

Greinargerð:

Tllagan gengur útá að festa enn betur í sessi það fyrirkomulag að ekki geti verið fleirri en 3 erlendir leikmenn í hverju liði. Einnig er verið að taka á skilgreiningarvandamáli erlendra leikmanna með því að miða skiptingu við ríkisborgararétt lands innan og utan FIBA Europe.

Greinar 1.3., 1.3.1., 1.3.2. og 1.3.3. falla út þar sem um þessa þætti er fjallað í reglugerð um félagaskipti og því óþarfi að fjalla um það á fleirri en einum stað.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Breytingar á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

3.2.1. Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 400.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða leikmanni **með ríkisfang** utan **FIBA** Evrópu 200.000 kr. í laun. ~~Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapak.~~ **Um hlunnindi leikmanns utan FIBA Evrópu fer eins og hlunnindi annarra leikmanna.**

Greinargerð:

Tllagan gengur út á að útrýma mismun í reglum eftir uppruna leikmanna. Það eru engin rök fyrir þessum mismun. Hin leiðin er að taka þetta ákvæði um hlunnindagreiðslur alfarið út.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum
Dregin til baka.

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 24

Breytingar á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

3.8. Ef samningar eru gerðir í erlendri mynt skal miðað við gengi þann 15. maí september ár hvert.

Greinargerð:

Þegar ljóst er eftir þing KKÍ hverjar reglur eru um erlendra leikmenn verða félögin að geta samið við leikmenn án þess að eiga á hættu að fara yfir launapak yfir sumarið vegna óhagstæðrar gengisþróunnar.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum
Sjá þingskjal nr. A-20.

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 25

Breytingar á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

6.1.2. Ef ekki er til staðar virk heimasíða á vegum félagsins skv. grein 4.1. skal greiða kr. 20.000,- fyrir hvern byrjaðan mánuð á meðan það ástand varir.

Greinargerð:

Þessi grein fellur út. Nú er það farið að vera mun sjálfsagðara að hafa heimasíðu. Þeir sem ekki geta sinnt því eða vilja ekki eiga bara að fá að sleppa því fremur en að hafa síðu án nokkurra eða mikilla breytinga mánuðum saman.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breytingar á reglugerð um leikmannasamninga

I Félagaskipti innanlands

Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. ~~Eftir að samningur rennur út~~ Verði aðilar samningsins samála um að leikmaður geti haft félagaskipti skulu félagaskiptin hlíta eftirfarandi ákvæðum.

1.gr. Félagaskiptum leikmanna, sem ~~verið hafa~~ eru á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga fylgja greiðslur milli félaga. Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum.

3.gr. Ef leikmaður, sem ~~hefur verið er~~ samningsbundinn, gerir samning við nýtt félag skal það **hið nýja félag** greiða samningsfélagi gjald fyrir. Gjaldið skal vera grunngjaldið A, sbr. grein 2, margfaldað með afreksstuðlinum B, sbr. grein 5, 6 og 7.

4.gr. Leikmaður, sem hefur verið á samningi, getur ekki í eitt ár eftir að samningur hans ~~rennur út, skipt um félag og leikið án samnings í úrvalsdeild eða 1. deild, nema áður sé greitt gjald samkvæmt 3. grein til samningsfélagsins.~~

Greinargerð:

Tillagan felur í sér afnám á þeim vistarböndum sem eru á leikmönnum eftir að samningi þeirra við félag lýkur. Um þetta ákvæði hefur risið ágreiningur t.d. vegna þess að leikmaður flytur á milli landshluta. Þetta ákvæði, og önnur því tengt, eru ekkert annað en hrein og klár félagakúgun sem þekkist ekki í öðrum sérsamböndum.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á reglugerð um venslasamninga

4.gr.

Leikmenn sem samningur er gerður um mega ekki vera eldri en 24 ára.

Greinargerð:

Tillagan gengur út á að hækka þessi aldursmörk. Ungur leikmaður sem kominn er upp úr unglingsaflokki en er t.d. 11-12 maður í sínu úrvalsdeildarliði gæti verið að fá leikreynslu með einhverju 1.deildar liði. Annað dæmi gæti verið ungur leikmaður utan af landi sem flytur t.d. til höfuðborgarinnar vegna náms og spilar þar með einhverjum flokki einhvers liðs. Viðkomandi leikmaður gæti gert venslasamning og spilað með meistaraflokki liðsins í hans heimabyggð.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Breytingar á Reglugerð KKÍ um félagaskipti

1.gr.

d) Hlutgengi eða félagaskipti leikmanna er dvalist hafa um tíma erlendis við nám ~~eða~~ ~~vinna~~ í ríki utan FIBA **Europe** og leikið þar körfuknattleik með félags- eða skólaliði, skal háð samþykki félagaskiptanefndar. Getur nefndin krafð viðkomandi leikmann um gögn er hún telur nauðsynleg s.s. gögn um aðild félags/skóla að sérsambandi þess ríkis. Skal nefndin við ákvörðun sína bundin af ákvæðum 8.gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ.

Greinargerð:

Eftir miklri vangaveltur tel ég að einhver misskilningur, misritun, mistök hafi átt sér stað við þessa grein. Eina ríkið utan FIBA sem ég er búinn að finna í huganum er Vatikanið í Róm!! Mig grunar að þessi grein hafi verið sett inn með leikmenn í huga sem fara í High school eða Collige í USA. Eðlilegt er að einskorða þetta þá við námsmenn. Það er engin átæða til að mismuna fólki eftir því hvert það fer að vinna. Reyndar spurning hvort mismuna eigi fólki eftir því hvert það fer í nám. Læt þingfulltrúum eftir að velta því frekar fyrir sér.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breytingar á Reglugerð KKÍ um félagaskipti

2.gr.

Tímabil félagaskipta:

a) Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils, og gilda um þau mismunandi reglur. Meginregla félagaskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils, á tímabilinu 1. maí til ~~31. ágúst~~ **30 september** ár hvert. Félagaskipti utan keppnistímabils eru frjáls í öllum flokkum, að öðru leyti en leiðir af reglugerð þessari. Tímabilið 1. ~~október september~~ til 30. apríl telst vera keppnistímabil samkvæmt reglugerð þessari.

Greinargerð:

Tillagan gengur út á lengja fram á haustið það tímabil sem leikmenn geta notað til að skipta um lið. Reynslan hefur sýnt að erlendir leikmenn eru t.d. ekki að koma fyrir en í lok ágúst eða í september. Þetta gefur leikmönnum lengri tíma til að meta stöðu sína innan síns liðs og þar með lengri tíma til að skipta um lið kjósi leikmenn slíkt.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breytingar á Reglugerð KKÍ um félagaskipti

2.gr.

Tímabil félagaskipta:

d) Félagaskiptum í mfl. karla og kvenna á keppnistímabili er skipt í tvo hluta. Fyrsti hluti keppnistímabils telst vera 1. ~~september~~ **október** til 5. janúar, og eru á þeim hluta sömu skilyrði félagaskipta og skv. b-lið. Annar hluti keppnistímabils telst vera frá 6. janúar til 30. apríl og eru félagaskipti á þeim tíma með öllu óheimil.

Greinargerð:

Tillagan er samhlíða tillögu um breytingu á 2.gr.a. og gengur út á lengja fram á haustið það tímabil sem leikmenn geta notað til að skipta um lið. Reynslan hefur sýnt að erlendir leikmenn eru t.d. ekki að koma fyrr en í lok ágúst eða í september. Þetta gefur leikmönnum lengri tíma til að meta stöðu sína innan síns liðs og þar með lengri tíma til að skipta um lið kjósi leikmenn slíkt.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá feitletrun og undirstrikun.

Breytingar á Reglugerð KKÍ um félagaskipti

3.gr.

Félagaskiptanefnd:

c) Kæruheimild til félagaskiptanefndar hafa félög þau er aðild eiga að skiptunum, auk viðkomandi leikmanns. Kæruheimild í tengslum við d-lið 1. gr. eiga öll félög í viðkomandi deild. **Stjórn KKÍ getur einnig skotið málum til félagaskiptanefndar fá hún rökstuddan grun um að félagaskipti hafi fengist samþykkt með röngum forsendum.** Úrskurði félagaskiptanefndar verður ekki áfrýjað.

Greinargerð:

Tillagan gengur út á að taka af allan vafa um að stjórn KKÍ hafi málskotsrétt til félagaskiptanefndar fá hún rökstuddan grun um að félag hafi fengið félagaskipti fyrir leikmann á röngum forsendum.

Kristinn G. Kristinsson
Formaður Þórs Þorlákshöfn/HSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Tillaga um breytingu á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokks karla í bikarkeppni KKÍ.

Hér er tekið á grein 1.1 í reglugerðinni en hún fjallar um hlutgengi leikmanna.

Í reglugerðinni segir:

- 1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram einum leikmanni með ríkisborgararétt utan Evrópu.

Við leggjum til að þessum kafla reglugerðarinnar verði breytt og hún hljómi sem hér segir:

- 1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram tveimur leikmönnum með erlent ríkisfang.

Greingargerð með tillögu:

- Á undanförunum árum hefur verið reynt að hafa einn, tvo eða fleiri Kana í úrvalsdeild, auk þess sem ótakmarkaður fjöldi “Bosmann” leikmanna hefur verið leyfður. Það er okkar skoðun að út frá ólíkum sjónarhornum gæti verið heppilegast að leyfa tvo erlenda leikmenn, burtséð frá því hvort þeir eru Kanar eða ekki. Með þessu móti er unnt að tryggja að a.m.k. þrír íslenskir leikmenn séu innan vallar hverju sinni og auk þess er félögum gert kleyft að fá til sín eins góða útlendinga og mögulegt er innan ramma launabaks, án tillits til þjóðernis þeirra. Við teljum að þetta yrði jákvætt skref fyrir íslensku leikmennina, fyrir deildina í heild og fyrir félögin.

Hrannar Hólm
Kristján Guðlaugsson
Keflavík, ÍRB

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Tillaga um breytingu á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokks karla í bikarkeppni KKÍ.

Hér er tekið á grein 3.2.1. í reglugerðinni en hún fjallar um launaþak.

Í reglugerðinni segir:

- 3.2.1. Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 400.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða leikmanni utan Evrópu 200.000 kr. í laun. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launaþaks.

Við leggjum til að greinin verði felld út og að í staðinn komi eftirfarandi grein:

- 3.2.1. Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 500.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða leikmönnum með erlent ríkisfang 300.000 kr. í laun. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launaþaks.

Félagi er þó heimilt að hækka launaþak um 150.000 á mánuði vegna endurnýjunar á samningum við leikmenn sem léku fyrir félagið leiktíðina á undan og hyggjast leika áfram hjá sama félagi. Að hámarki má hækka launaþak um 50.000 kr. á mánuði fyrir hvern leikmann.

Greinargerð með tillögu:

- Í fyrsta lagi er verið að hækka launaþakið til að mæta launaskriði almennt og einnig til að koma til móts við þá breytingu sem lögð er til í annari tillögu um að heimila félögum að hafa í liði sínu tvo Kana.
- Auk þess leggjum við til að tekin verði upp svokölluð “Larry Bird” regla að amerískri fyrirmynd úr NBA. Með þeirri viðbót er félögum gefin kostur á að auka launagreiðslur til leikmanna ef um “eigin” leikmenn er að ræða. Félög geta með því móti frekar haldið heimamönnum innan liðsins og auknar líkur eru á því að stöðugleiki komist á hjá félögum, en hann getur verið lykilatriði til betri árangurs.

Hrannar Hólm
Kristján Guðlaugsson
Keflavík, ÍRB

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá þingskjal A-22.

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 34

Tillaga um breytingu á reglugerð um fyrirtækjabíkar KKÍ

Lagt er til að reglugerðin í núverandi mynd verði felld niður og að í staðinn komi eftirfarandi reglugerð:

Reglugerð um fyrirtækjabíkar KKÍ

Fyrirtækjabíkarinn er útsláttarkeppni sem leikinn er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Þátt taka þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

Röðunin er sem hér segir:

Nr. 1 Íslandsmeistari

Nr. 2 Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur

Nr. 3 og 4 Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts

Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4

Nr. 5 - 8 Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.

Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 osfrv.

Nr. 9 - 10 Liðin sem urðu í 9. og 10 sæti deildarkeppinnar

Nr. 11 Íslandsmeistari 1. deildar

Nr. 12 Lið sem ávann sér sæti í úrvalsdeild.

Fyrsta umferð:

1) Nr. 5 - nr. 12

2) Nr. 6 - nr. 11

3) Nr. 7 - nr. 10

4) Nr. 8 - nr. 9

Í fyrstu umferð sitja þau lið hjá sem eru nr. 1, 2, 3 og 4.

Önnur umferð

5) Nr. 4 - sigurv. úr 1)

6) Nr. 3 - sigurv. úr 2)

7) Nr. 2 - sigurv. úr 3)

8) Nr. 1 - sigurv. úr 4)

Í fyrstu og annari umferð gildir sem hér segir:

Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer. Leikr nr. 1) og 2) skulu fara fram á fimmtudegi, en leikir nr. 3) og 4) á föstudegi. Önnur umferð hefst strax að lokinni þeirri fyrstu og skulu leikir nr. 5) og 6) fara fram á laugardegi, og leikir nr. 7) og 8) á sunnudegi.

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Leikið er á heimavelli sigurvegara keppinnar frá árinu áður. Leikið skal eins snemma og unnt er frá því að fyrstu og annari umferð lauk. Undanúrslitaleikirnir fara fram á fimmtudegi og sigurvegarar þeirra leika til úrslita næsta laugardag á eftir.

Undanúrslit:

9) Sigurv. úr 8) - sigurv. úr 5)

10) Sigurv. úr 7) - sigurv. úr 6)

Úrslit:

11) Sigurv. úr 9) - sigurv. úr 10)

Um tekjuskiptingu í fyrstu og annari umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ. Um tekjuskiptingu í “Hinum fjóru fræknu” gildir um undanúrslit og úrslit að tekjum að frádregnum sameiginlegum gjöldum skal skipt milli þátttakandi liða í hvort skipti, en gestgjöfum skal fyrst úthlutað 20% vegna framkvæmdar og húsaleigu.

Nafn á keppnina.

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans. Tekjum sem samningur við bakhjarl skilar skal skipt til helminga milli KKÍ og þess félags sem sigrar í mótinu hverju sinni.

Fyrirtækjabikar kvenna.

Mótanefnd skal halda fyrirtækjakeppni í mfl. kvenna fáist til þess nægilegur fjöldi liða að mati nefndarinnar. Mótanefnd skal útfæra keppnifyrirkomulag, leikstað ofl. sem við kemur fyrirtækjabikar kvenna hverju sinni.

Greinargerð með tillögu:

- Fyrirtækjabíkarinn hefur verið ágæt viðbót við Íslandsmótið og Bikarkeppnina á undanförunum árum. Sérstaklega hefur keppni “hinna fjögurra fræknu” þóst oft takast vel. En við teljum að tími sé kominn á úrbætur. Í fyrsta lagi hafa fyrri tvær umferðirnar ekki skilað því sem vænst var og í öðru lagi hefur ruglingur orðið meðal stuðningsmanna um þær tvær bikarkeppnir sem fram fara á vegum KKÍ. Okkar tillaga miðar að því að gera keppnina meira spennandi að nýju. Við leggjum til að liðum verði fækkað úr 16 í 12, en ekki hefur enn skapast grundvöllur fyrir lið úr fyrstu deild að veita efstu liðum úrvalsdeildar keppni. Eins leggjum við til að leikjum verði fækkað í heild, þannig að aðeins verði leikin ein umferð í stað tveggja í fyrstu tveimur umferðunum. Efstu fjögur liðin koma beint inn í aðra umferðina. Við leggjum einnig til að keppnin verði færð fram fyrir Íslandsmót og verði þannig að sannkölluðu “haustmóti” sem getur vonandi skapað skemmtilega stemmingu með úrslitaleik áður en sjálft Íslandsmótið hefst. Að síðustu leggjum við til að sigurvegarar keppninar fái að halda keppni “hinnar fjögurra fræknu” á heimavelli, en leikstaður þeirrar keppni hefur oft verið til vandræða.

Hrannar Hólm
Kristján Guðlaugsson
Keflavík, ÍRB.

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum
Sjá þingskjal 34 a.

Fellt

Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn

7. Erlendur leikmaður sem fær ~~íslenskan~~ evrópskan ríkisborgararétt meðan á keppnistímabili stendur, skal teljast erlendur leikmaður út keppnistímabilið.

F.h. UMSK
Bjarni Gaukur Þórmundsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá þingskjal A-19.

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 36

Breyting á reglugerð fyrir körfuknattleiksmót

24. grein II. DEILD KVENNA

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau.

~~Það félag sem sigrar í 2. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Deildarmeistari" og flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil.~~

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 2. deild kvenna og færist upp í 1. deild kvenna, Iceland Express deildina.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að liðin sem hafa lent ofar í deildarkeppninni fái fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn í 2. deild kvenna fær það lið fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli sem lenti ofar í í deildarkeppninni.

Greinargerð:

2. deild kvenna er eina deildin í dag í meistaraflokki þar sem ekki er úrslitakeppni og finnst mér því rétt að þær sitji við sama borð og aðrir meistaraflokkar samanber 2. deild karla.

F.h.UMSK
Bjarni Gaukur Þórmundsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breyting á reglugerð fyrir körfuknattleiksmót

Ný grein um mót í yngri flokkum – verði 31. grein.
Aðrar greinar færast aftur í töluröð.

Þegar lið mætir til leiks í yngri flokka mótum skla það hafa með sér dómara. Ef lið getur ekki haft með sér unglíngadómarara skal það greiða heimaliði **1.000 krónur fyrir hvern leik sem það spilar.** Þetta gjald getur síðan heimaliðið notað til að borga sínum dómurum sem **verða að vera með dómara réttindi og í dómara búning.**

Greinagerð

Dómgæsla í yngri flokkum er oft mjög bágborin og tel ég að þetta verði til mikilla framfara í yngri flokkum hjá okkur. Þegar dómari með réttindi er á staðnum verður oft allt annar bragur á yfirbragði mótanna. Virðing fyrir dómurum er oft lítil því körfuknattleiksiðkendum alast upp við það að dómara séu bara einhverjir sem fengnir eru til að dæma.

Þá tel ég að á fimm ára tímabili munu þetta fjölga dómurum á landinu. Dómari sem er búinn að fá greitt í ákveðin ár fyrir að dæma í yngri flokka mótum er líklegri til að fara dæma í meistara flokkum heldur en hinn sem er að stíga sín fyrstu spor í dómgæslu.

F.h. UMSK
Bjarni Gaukur Þórmundsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Breyting á reglugerð fyrir þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokks í bikarkeppni KKÍ.

Fella niður 3. kafla: Leikmannasamningar / Launapak

2.grein

Lagt er til að 3. kafli verði lagður niður í heild sinni.

Greinargerð:

Mikil framfaraskref hafa verið tekin í rekstri deilda undanfarin ár. Flest félög hafa aðhald frá aðalsjórnnum sinna félaga í dag. Launapakið hefur skapað leiðinlega umræðu og einnig eru félög dugleg að benda á hvert annað með ásakanir. Með launapaki erum við að búa til verkefni fyrir sjálfbodaliða og starfsmenn KKÍ sem hafa nóg annað að gera en að vera standa í þeim leiðindum að taka félög til skoðunar og hafa fjárhagslegt aðhald með félögum. Stjórnarmönnum í dag er vel treystandi að reka sínar deildir vel.

F.h. ÍBR/Fjöltnis
Jón Oddur Davíðsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKI haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 39

Þingsályktunartillaga um stofnun sjóðs til að standa straum af menntun dómara og eftirliti með dómgæslu.

Hvert félag í úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna leggi til stofnframlag í sjóð til að standa undir menntun/eftirmenntun og eftirliti með dómgæslu í sömu deildum. Framlag þetta sé 50-100 þúsund kr. pr. félag og myndi höfuðstól sjóðsins.

Í framhaldi verði lagt á 5% álag á dómgæslukostnað sem félögin greiða og skal gjaldið renna í sjóðinn. Þá leggi starfandi dómarar önnur 5% á móti félögunum í sjóðinn. Skipa skal sérstaka stjórn sem sjái um að halda utan um og ákveða með greiðslur úr sjóðnum.

Valþór Jónsson
Form KKD UMFN/ÍRB

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 40

Reglugerð um aganefnd KKÍ

1. grein
Skipun/hlutverk.

[...]

b) Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum kappleikjum sem fram fara á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni og landsleikir) enda fjalli FIBA ekki um málið. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leik, í leikhléi eða eftir að leik lýkur, **svo sem ummæla og skrifa á opinberum vettvangi. Opinber vettvangur telst t.d. fjölmiðlar og opin vefsvæði.**

[...]

2. grein
Form/aðild kæru:

a) Kæra til aganefndar skal vera skrifleg, og hafa borist skrifstofu KKÍ innan ~~tvöggja sólarhringa~~ **sólarhrings** frá því að kappleik lauk, eða hinu kærða atviki. Aganefnd er þó heimilt að taka fyrir kæru sem borist hefur allt að sjö sólahringum frá hinu kærða atviki, ef rökstuddar ástæður liggja að baki töfinni.

[...]

3. grein
Störf aganefndar:

a) Fundir aganefndar skulu **í það minnsta** haldnir á þriðjudögum og föstudögum. Kæra sem sannanlega berst til skrifstofu KKÍ fyrir kl. 13:00 á ~~mánudegi~~ **daginn fyrir fastan þriðjudags- eða föstudagsfund** skal tekin fyrir ~~í þeirri viku~~ **strax á næsta fundi**, en kæra sem berst eftir þann tíma skal tekin fyrir ~~næsta þriðjudag þar á eftir~~ **á næsta fundi þar á eftir**. Tilkynna skal félagi hins kærða aðila um efni kærunnar, og gefa sólarhringsfrest til að skila gögnum varðandi kærana fyrir fund aganefndar og/eða óska eftir málflytningi um málið.

[...]

4. grein
Viðurlög við brotum:

[...]

c) Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villna, skal viðkomandi ekki úrskurðaður í leikbann.

[Liðir c-g verða d-h]

5. grein

Úrskurðir aganefndar:

a) Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka úrskurðarbók. Í úrskurði skal greina glögggt hver hinn kærði sé, í hvaða leik hið kærða atvik átti sér stað, fyrir hvaða brot kæra taki til, og á hvaða forsendum aganefnd byggir úrskurð sinn. Bóka skal í úrskurði hverjir nefndarmanna kveði upp úrskurðinn, og skiptingu atkvæða ef úrskurður er ekki einróma. Úrskurðir aganefndar skulu vera aðgengilegir á heimasíðu KKÍ **eins fljótt og auðið er eftir að þeir að þeir berast skrifstofu KKÍ.**

[...]

c) Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag eftir við uppkvaðningu. úrskurðarins. ~~Oheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.~~

d) Úrskurðir aganefndar í úrslitakeppni allra flokka skulu taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu úrskurðarins.

[Liðir e-f verða d-e]

6. grein

Afplánun refsingar:

[...]

e) Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsinguna í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða liði og aldursflokki hann verður hlutgengur á þeim tíma.

F.h. HSV
Guðjón Þorsteinsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 41

Breyting á 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslökum undirrita dómarrar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Í efstu deild karla, 1. deild kvenna, 1. deild karla, 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og í fyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið senda **setja** allar tölfræðiupplýsingar á tölvutæku formi um mótald til KKÍ. **netið í gegnum vef KKÍ**. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 **2** klst. eftir að leik lýkur. **Í öllum öðrum leikjum en tilteknir eru hér, þó ekki í fjölíðamótum yngri flokka, skulu félög skrá inn úrslit leikja á netið í gegnum vef KKÍ. Skulu úrslitin hafa borist KKÍ eigi síðar en 1 klst. eftir að leik lýkur.**

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum ~~kr. 190,00~~ **200 kr.** á hverja skýrslu hvern dag. Sé tölfræðiskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð ~~2.000 kr.~~ **10.000 kr.** fyrir hvern leik **og séu úrslit leikja ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 5.000 kr.** Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti. ~~Skrifstofa KKÍ skal ítreka við félag að skila skýrslu hafi hún ekki borist 10 dögum eftir að leikur fór fram.~~

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldið ella óbreyttar.

Greinargerð: Með aukinni tækni er mjög auðvelt að koma tölfræðinni á netið, hvað þá úrslitum leikja. Því ætti ekkert að vera til fyrirstöðu að það sé gert innang skamms tíma frá því leik lýkur, enda eru félögin búin að gera þetta svo árum skiptir. 3 klst. er of langur tími, enda vilja netverjar ekki bíða til miðnættist eftir að skoða tölfræðina.

Tökum nú næsta skref og bætum úrslitum annarra leikja við. Það tekur ekki nema 1-2 mínútur og yrði til mikilla bóta hvað varðar upplýsingastreymi og einnig fyrir rekstur mótsins.

Þessar sektargreiðslur eru afar lágar og tímabært að hækka þær. Hér á ekki að vera um þjónustugjöld að ræða fyrir að láta aðra vinna þessa vinnu fyrir sig.

F.h. UMSK/KKÍ
Björn Leósson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Breyting á 28. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Raða skal niður leikjum í úrslitafjölliðamótum eftir ofangreindri töflu. Tafla þessi skal ekki vera bindandi séu flokkar svo fáir að ekki þurfi að keppa í riðlum né heldur í riðlakeppni Íslandsmóts yngri flokka.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald, kr. 10.000 af þeim félögum sem komast í undanúrslit/úrslit í yngri flokkum, (9.fl.-ul.fl.) svokallað úrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð úrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

Komi eitthvert félag fleiri liðum en þremur í undanúrslit/úrslit yngri flokka, mun KKÍ greiða bikarúrslitagjald fyrir öll lið umfram þrjú.

Ef lið taka þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður skal það hefja keppni í lakaksta riðlinum eða í neðstu deild.

F.h. UMSK/KKÍ
Björn Leósson

Greinargerð: Sú reynsla sem komin er á framkvæmd bikarúrslita yngri flokka undanfarin fimm ár er mjög góð. Ssifell gerast þær raddir háværarar að samskonar umgjörð ætti að vera um úrslitakeppni Íslandsmótsins. KKÍ mun áfram leggja áherslu á það að keppnin fari fram í Laugardalshöll, en félög geta sótt um að hafa umsjón með keppninni þar. Komi í ljós að Laugardalshöll sé ekki til reiðu mun mótanefnd leggja áherslu á að keppnin verði haldin í boðlegu húsi og á hlutlausum velli sé þess nokkur kostur.

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá tvöfalda yfirstrikun.

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 43

Þingsályktunartillaga um keppnisgölf í efstu deildum karla og kvenna.

45. ársþing Körfuknattleikssambands Íslands ályktar svohljóðandi:

“Ársþing KKÍ haldið í Rimaskóla í Reykjavík dagana 6.-7. maí 2006 ályktar að allir leikir í efstu deild karla og kvenna í körfuknattleik skulu leiknir á parketgólfi frá og með keppnistímabilinu 2008.

Frá og með haustinu 2007 skulu öll lið sem ávinna sér keppnisrétt í efstu deild bjóða upp á keppnisvöll með parketgólfi.”

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur stjórn Knattspyrnusambands Íslands kynnt ákveðin skilyrði fyrir þátttöku félaga í mót á þess vegum. Gjarnan er vitnað til reglna sem gilda í Evrópu eða eru sett af Evrópska sambandinu. Þessu hafa sveitarfélög tekið og framkvæmt samkvæmt vilja KSI. Eðlilegt er að á næstu árum muni KKÍ hyggja að því að bestu hugsanlegu aðstæður á keppnisvöllum landsins verði fyrir hendi.

F.h. ÍBR/KKÍ
Hannes Birgir Hjálmarsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá þingskjal nr. 43 a.

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

10. Grein

Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 50.000,00 í **meistaraflokki en 20.000 í yngri flokkum sem rennur til félags þess sem verður fyrir útlögðum ferðakostnaði og öðrum eðlilegum tekjumissi. KKÍ annast innheimtu sektarfjár og sér um að greiða til viðkomandi aðila sem rennur til KKÍ.**

Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu.

Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils (sjá einnig 27. grein). Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í neðstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

Allar sektargreiðslur skulu renna til ~~félags þess sem skaðan hlýtur af~~ **KKÍ**, nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

Greinargerð: Ekki er eðlilegt að greiðslur renni til félaga, nema að því leiti er varðar útlagðan kostnað. Orðalag greinarinnar er heldur ekki nægjanlega skýrt og er hér verið að bæta úr því.

F.h. ÍBR/KKÍ
Hannes Birgir Hjálmarsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKDÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 45

Breytingartillaga við þingskjal nr. 39

Þingsályktunartillaga um stofnun sjóðs til að standa straum af menntun dómara og eftirliti með dómgæslu.

Hvert félag í úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna leggi til stofnframlag í sjóð til að standa undir menntun/efirmenntun og eftirliti með dómgæslu í sömu deildum. Framlag þetta sé 50-100 þúsund kr. pr. félag og myndi höfuðstól sjóðsins.

Í framhaldi verði lagt á 5% álag á dómgæslukostnað sem félögin greiða og skal gjaldið renna í sjóðinn. Þá leggi starfandi dómara önnur 5% á móti félögunum í sjóðinn. Skipa skal sérstaka stjórn sem sjái um að halda utan um og ákveða með greiðslur úr sjóðnum.

Textinn falli niður og þessi komi í staðinn:

Hvert lið sem skráð er til keppni í úrvalsdeild, 1. deild kvenna og 1. deild karla leggi til stofnframlag í sjóð til að standa undir kostnaði við menntun og þjálfun dómara, og eftirliti með dómgæslu í sömu deildum.

Stofnframlag í sjóðinn verður kr. 100.000,- á hvert lið sem skráð er til keppni í fyrrgreindum deildum, og greiðist það fyrir 1. september 2006.

Árlega mun hvert lið greiða kr. 50.000, sem greiðist fyrir 1. september, í fyrsta sinn 2007.

Dómaranefnd mun hafa umsjón með þessum sjóði og ákveða með greiðslur úr honum

Greinargerð: Tillaga Valþórs er stórkostlegt framfaraskref til eflingar á dómgæslunni og algerlega í samræmi við starfsemi körfuknattleikssambanda annarra Evrópuþjóða og menntunarkerfi dómara hjá FIBA-Europe. Breytinga er þó þörf á orðalagi til að skýra og einfalda framkvæmdina.

Stjórn KKDÍ lýsir yfir vilja til að greiða sömu upphæð og hvert lið greiðir í sjóðinn, bæði hvað varðar stofnframlag og árlegt framlag í sjóðinn.

F.h. KKDÍ
Kristinn Óskarsson, formaður

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá þingskjaöl A-6-a og A-6-b.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 40

Reglugerð um aganefnd KKDÍ

Breytingin nær aðeins til tillögu um 4. grein og bætist breiðletraði textinn við fyrri tillögu:

4. grein

Viðurlög við brotum:

[...]

c) Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villna, **tveggja tæknivillna eða hafi honum verið vísað af velli fyrir að hafa yfirgefið svæði varamanna við slagsmál, eða aðstæður sem leitt gætu til slagsmála, sem hann að öðru leiti tók ekki þátt í**, skal viðkomandi ekki úrskurðaður í leikbann ef um er að ræða fyrstu brottvísun leikmannsins á tímabilinu.

[Liðir c-g verða d-h]

Greinargerð: Tillagan eyðir óvissu sem ríkt hefur í hreyfingunni.

F.h. KKDÍ
Kristinn Óskarsson, formaður

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Fjárhagsáætlun 2006

Rekstrartekjur	Áætlun 2006
Framlög og styrkir	20.991.473
.....	
Tekjur af leikjum	8.700.000
.....	
Auglýsingatekjur	10.350.000
.....	
Landslið	8.000.000
.....	
Fræðslu og útb.starf	10.000
.....	
Aðrar tekjur	8.810.000
.....	
	56.861.473

Rekstrargjöld	
Yfirstjórn	18.618.936
.....	
Þjálfun og kennsla	1.800.000
.....	
Íþróttaleg viðskipti	24.197.723
.....	
Fræðslu og útb.starf	1.650.000
.....	
Rekstur mannvirkja	863.927
.....	
Önnur gjöld	8.000.000
.....	
	55.130.586

Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) **1.730.887**

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals **(600.000)**

Hagnaður (tap) **1.130.887**

F. h. stjórnar KKÍ
Eyjólfur Þór Guðlaugsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 34 a

Tillaga um breytingu á reglugerð um fyrirtækjabíkar KKÍ

Lagt er til að reglugerðin í núverandi mynd verði felld niður og að í staðinn komi eftirfarandi reglugerð:

Reglugerð um fyrirtækjabíkar KKÍ

Fyrirtækjabíkarinn er útsláttarkeppni sem leikinn er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Þátt taka þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

Röðunin er sem hér segir:

Nr. 1 Íslandsmeistari

Nr. 2 Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur

Nr. 3 og 4 Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts

Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4

Nr. 5 - 8 Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.

Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 osfrv.

Nr. 9 - 10 Liðin sem urðu í 9. og 10 sæti deildarkeppinnar

Nr. 11 Deildarmeistari 1. deildar

Nr. 12 Lið sem ávann sér sæti í úrvalsdeild.

Fyrsta umferð:

1) Nr. 5 - nr. 12

2) Nr. 6 - nr. 11

3) Nr. 7 - nr. 10

4) Nr. 8 - nr. 9

Í fyrstu umferð sitja þau lið hjá sem eru nr. 1, 2, 3 og 4.

Önnur umferð

5) Nr. 4 - sigurv. úr 1)

6) Nr. 3 - sigurv. úr 2)

7) Nr. 2 - sigurv. úr 3)

8) Nr. 1 - sigurv. úr 4)

Í fyrstu og annari umferð gildir sem hér segir:

Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer. Leikr nr. 1) og 2) skulu fara fram á fimmtudegi, en leikir nr. 3) og 4) á föstudegi. Önnur umferð hefst strax að lokinni þeirri fyrstu og skulu leikir nr. 5) og 6) fara fram á laugardegi, og leikir nr. 7) og 8) á sunnudegi.

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Leikið er í Laugardalshöll eða á öðrum velli sem þáttökufélögin í "Hinum fjórum fræknu" koma sér saman um. Leikið skal eins snemma og unnt er frá því að fyrstu og

annarri umferð lauk. Undanúrslitaleikirnir fara fram á fimmtudegi og sigurvegarar þeirra leika til úrslita næsta laugardag á eftir.

Undanúrslit:

9) Sigurv. úr 8) - sigurv. úr 5)

10) Sigurv. úr 7) - sigurv. úr 6)

Úrslit:

11) Sigurv. úr 9) - sigurv. úr 10)

Um tekjuskiptingu í fyrstu og annari umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ. Um tekjuskiptingu í “Hinum fjóru fræknu” gildir um undanúrslit og úrslit að tekjum að frádregnum sameiginlegum gjöldum skal skipt milli þátttakandi liða í hvort skipti, en gestgjöfum skal fyrst úthlutað 20% vegna framkvæmdar og húsaleigu.

Nafn á keppnina.

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans. Tekjum sem samningur við bakhjarl skilar skal skipt til helminga milli KKÍ og þess félags sem sigrar í mótinu hverju sinni.

Fyrirtækjabikar kvenna.

Mótanefnd skal halda fyrirtækjakeppni í mfl. kvenna fáist til þess nægilegur fjöldi liða að mati nefndarinnar. Mótanefnd skal útfæra keppnifyrirkomulag, leikstað ofl. sem við kemur fyrirtækjabikar kvenna hverju sinni.

Greinargerð með tillögu:

- Fyrirtækjabikarinn hefur verið ágæt viðbót við Íslandsmótið og Bikarkeppnina á undanförunum árum. Sérstaklega hefur keppni “hinna fjögurra fræknu” þóst oft takast vel. En við teljum að tími sé kominn á úrbætur. Í fyrsta lagi hafa fyrri tvær umferðirnar ekki skilað því sem vænst var og í öðru lagi hefur ruglingur orðið meðal stuðningsmanna um þær tvær bikarkeppnir sem fram fara á vegum KKÍ. Okkar tillaga miðar að því að gera keppnina meira spennandi að nýju. Við leggjum til að liðum verði fækkað úr 16 í 12, en ekki hefur enn skapast grundvöllur fyrir lið úr fyrstu deild að veita efstu liðum úrvalsdeildar keppni. Eins leggjum við til að leikjum verði fækkað í heild, þannig að aðeins verði leikin ein umferð í stað tveggja í fyrstu tveimur umferðunum. Efstu fjögur liðin koma beint inn í aðra umferðina. Við leggjum einnig til að keppnin verði færð fram fyrir Íslandsmót og verði þannig að sannkölluðu “haustmóti” sem getur vonandi skapað skemmtilega stemmingu með úrslitaleik áður en sjálft Íslandsmótið hefst. Að síðustu leggjum við til að sigurvegarar keppninar fái að halda keppni “hinnar fjögurra fræknu” á heimavelli, en leikstaður þeirrar keppni hefur oft verið til vandræða.

F.h. ÍBR
Birgir Hákonarson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 37 a

Breytingartillaga við þingskjal nr. 37.

Lagt er til að þingskjali nr. 37 verði vísað til stjórnar KÍ, sem ekipar nefnd um þetta mál og skili fullmótuðum tillögum til stjórnar fyrir ársþing 2007.

F. h. UMSK
Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 37 B

Breytingartillaga við þingskjal nr. 37.

Lið má koma með dómara og sleppur þar með við að borga 1.000 kr. Gjaldið.

Komi lið ekki með dómara skal það lið greiða mótshaldaranum 1.000 kr. á hvern leik.

F. h. UMSK
Bjarni Gaukur Þórmundsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum
Dregin til baka.

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. 43 a

Þingsályktunartillaga um keppnisgolf í efstu deildum karla og kvenna.

45. ársþing Körfuknattleikssambands Íslands ályktar svohljóðandi:

“Ársþing KKÍ haldið í Rimaskóla í Reykjavík dagana 6.-7. maí 2006 ályktar að allir leikir í efstu deild karla og kvenna í körfuknattleik skulu leiknir á parketgólfi frá og með keppnistímabilinu 2008-2009

Frá og með haustinu 2007 skulu öll lið sem ávinna sér keppnisrétt í efstu deild bjóða upp á keppnisvöll með parketgólfi.”

Ársþingið felur stjórn KKÍ að setja tillöguna í reglugerð fyrir næsta ársþing.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur stjórn Knattspyrnusambands Íslands kynnt ákveðin skilyrði fyrir þátttöku félaga í mót á þess vegum. Gjarnan er vitnað til reglna sem gilda í Evrópu eða eru sett af Evrópska sambandinu. Þessu hafa sveitarfélög tekið og framkvæmt samkvæmt vilja KSÍ. Eðlilegt er að á næstu árum muni KKÍ hyggja að því að bestu hugsanlegu aðstæður á keppnisvöllum landsins verði fyrir hendi.

Allsherjarnefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. A-6-a

Sérákvæði við þingskjal nr. A-6.

Lið sem koma uppá 2. deild keppnistímabilið 2005-2006 verði undanþegin stofngjaldi í sjóðinn.

F.h. UMSK
Pétur Hrafn Sigurðsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. A-6-b

Breytingartillaga við þingskjal nr. A-6.

Við bætist. Skrifstofa KKÍ sér um að innheimta gjaldið.

F.h. UMSK
Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt **Samþykkt með breytingum** **Fellt**

Þing KKDÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. A-6-c

Breytingartillaga við þingskjal nr. A-6.

1. nóvember verði 1. september.

F.h. KKDÍ
Kristinn Óskarsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ 2006

Tillögur og nefndarálit allsherjarnefndar

Þingskjal nr. A-1

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 40 um breytingar á reglugerð um aganefnd verði felld

Þingskjal nr. A-2

Allsherjarnefnd leggur til að 4. gr. reglugerðar um aganefnd KKÍ verð breytt í samræmi við tillögu á þingskjali nr. 46

Þingskjal nr. A-3

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 14 um átak í dómaramálum verði samþykkt

Þingskjal nr. A-4

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 18 um breytingar á reglugerð um dómarnefnd verði samþykkt

Þingskjal nr. A-5

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 37 um dómgæslu í mótum yngri flokka verði felld

Þingskjal nr. A-6

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 45 samþykkt með eftirtöldum breytingum:

Hvert félag sem skráir lið til keppni í úrvalsdeild, 1. deild kvenna og 1. deild karla leggi til stofnframlag í sjóð til að standa undir kostnaði við menntun og þjálfun dómara, og eftirliti með dómgæslu í sömu deildum.

Stofnframlag í sjóðinn verður kr. 100.000 á hvert lið sem skráð er til keppni í úrvalsdeild og 1. deild karla deildum og 50.000 fyrir hvert lið í 1. deild kvenna. Gjaldið greiðist fyrir 1. nóvember 2006. Árlega greiðir síðan félag kr. 50.000 fyrir hvert lið í ofangreindum deildum, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2007.

Dómaranefnd mun hafa umsjón með þessum sjóði og ákveða með greiðslur úr honum. Fyrsta verk dómaranefndar verður að skilgreina reglur um úthlutun úr sjóðnum sem kynntar verða á ársþingi 2007. Munu reglur þessar innihalda skýrslugjöf til félaga, í hvers kyns starfsemi féð skuli renna og skilgreiningu á því hversu nærri höfuðstól sjóðsins megi ganga.

Með samþykki tillögu allsherjarnefndar er tillaga á þingskjali nr. 39 um sama efni felld.

Þingskjal nr. A-7

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 11 um félagaskipti verði samþykkt.

Með samþykki verður tillaga á þingskjali nr. 20 um sama efni felld.

Þingskjal nr. A-8

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga um þingsályktun á þingskjali nr. 15 verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-9

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 25 um heimasíður verði felld.

Þingskjal nr. A-10

Allherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 26 um leikmannasamninga verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-11

Allherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 27 verði felld og að stjórn KKÍ verði falið að endurskoða reglur um venslasamning fyrir nærsta ársþing.

Þingskjal nr. A-12

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 34 um fyrirtækjabíkar KKÍ verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-13

Allherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 28 um félagaskipti verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-14

Allherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 29 um félagaskipti verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-15

Allherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 30 um félagaskipti verði samþykkt með eftirfarandi breytingu.

Í stað 1. til 5. janúar
komi 1. október til 5. janúar.

Þingskjal nr. A-16

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 31 um félagaskipti verði samþykkt.

Þingskjal nr. A-17

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 21 um reglugerð um erlenda leikmenn verði felld og að stjórn KKÍ verði falið að endurskoða reglugerðina og gera tillögur að breytingu, ef þurfa þykir, fyrir næsta ársþing.

Þingskjal nr. A-17

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 21 um reglugerð um erlenda leikmenn verði felld.

Þingskjal nr. A-18

Allsherjarnefnd leggur til að þingheimur greiði atkvæði um hvort

- breytingartillaga við tillögu á þingskjali nr. 22
- eða
- tillaga á þingskjali nr. 32

um fjölda erlendra leikmanna í úrvalsdeild verði borin undir atkvæði.

Aðeins sú tillaga sem þingheimur velur verður borin undir atkvæði. Ef sú tillaga verður síðan felld verður óbreytt ástand í útlendingamálum.

Þingskjal nr. A-19

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 35 um erlenda leikmenn verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Út falli það sem stendur á þingskjalinu en í staðinn komi eftirfarandi málsgrein:

Erlendur leikmaður skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

Þingskjal nr. A-20

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 24 um erlenda mynt verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

3.8. Ef samningar eru gerðir í erlendri mynt skal miðað við lágsta gengi á tímabilinu 1. maí til 15. september ár hvert.

Þingskjal nr. A-21

Meirihluti allsherjarnefndar leggur til að tillaga á þingskjali nr. 38 um launapak verði felld.

Ef tillaga meirihlutans verður felld þá falla þingskjöl nr. A-22 og A-23 úr gildi og verða ekki bornar upp.

Þingskjal nr. A-22

Meirihluti allsherjarnefnd leggur til að tillaga á þingskjali nr. 33 verði samþykkt með eftirfarandi breytingum. Minnihluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði felld.

3.2.1 Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 500.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða leikmönnum með erlent ríkisfang 300.000 kr. í laun. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapaks.

Seinni hluti þessarar málsgreinar verði felldur niður

Þingskjal nr. A-23

Allsherjarnefnd leggur til að breytingartillaga við þingskjali nr. 33 verði lögð undir atkvæði. Nefndin er ósammála um hvort samþykkja eigi tillögun eða fella hana.

Grein 3.2.1. í reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku m.fl. karla í bikarkeppni KKI

Við greinina bætist eftirfarandi málsgrein:

Félagi er þó heimilt að hækka launapak um 150.000 á mánuði vegna endurnýjunar á samningum við leikmenn sem léku fyrir félagið leiktíðina á undan og hyggjast leika áfram hjá sama félagi. Að hámarki má hækka launapak um 50.000 kr. á mánuði fyrir hvern leikmann. Launapakið getur með þessum hætti orðið að hámarki 650 þús. kr. fyrir utan þær hækkanir sem geta orðið vegna þjálfunar leikmanna.

Þing KKÍ haldið í Rimaskóla, Reykjavík 6. og 7. maí 2006

Þingskjal nr. _____

Breytingartillaga á tillögu á þingskjali nr. 33 um breytingu á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokks karla í bikarkeppni KKÍ.

Hér er tekið á grein 3.2.1. í reglugerðinni en hún fjallar um launapak.

Við leggjum til að við greinina bætist eftirfarandi málsgrein:

Félagi er þó heimilt að hækka launapak um 150.000 á mánuði vegna endurnýjunar á samningum við leikmenn sem léku fyrir félagið leiktíðina á undan og hyggjast leika áfram hjá sama félagi. Að hámarki má hækka launapak um 50.000 kr. á mánuði fyrir hvern leikmann.

Greinargerð með tillögu:

- Við leggjum til að tekin verði upp svokölluð “Larry Bird” regla að amerískri fyrirmynd úr NBA. Með þeirri viðbót er félögum gefin kostur á að auka launagreiðslur til leikmanna ef um “eigin” leikmenn er að ræða. Félög geta með því móti frekar haldið heimamönnum innan liðsins og auknar líkur eru á því að stöðugleiki komist á hjá félögum, en hann getur verið lykilatriði til betri árangurs.

Hrannar Hólm
Kristján Guðlaugsson
Keflavík, ÍRB